

Umsögn vegna þingsályktunartillögu á þingskjali 52 um breytingar á aðalnámskrá

153. löggjafarþing

Sendandi: Anna Kristín Sigurðardóttir, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og forstöðumaður Rannsóknarstofu um þróun skólstarfs.

Undirrituð leggst eindregið gegn samþykkt tillögunnar og fyrir því liggja margvísleg rök sem tíunduð eru hér, fyrst um einstaka liði í tillögunni og síðar um tillöguna almennt.

1. Liður a: Áhersla á bókstafa- og hljóðaaðferð hefur verið ríkjandi aðferð í íslenskum skólum í marga áratugi. Þetta er vel þekkt aðferð og mikið rannsókuð í gegnum tíðina og þykir henta vel flestum nemendum en ekki öllum. Aðferðin felur það í sér að farið er frá eind til heildar, þ.e. börnin byrja á að læra einstaka bókstafi og hljóð sem þau síðan tengja saman í orð og setningar. Aðrar aðferðir hafa lagt áherslu á farið sé frá heild til eindar, þ.e. byrjað á að efla skilning og áhuga á texta og farið þaðan einstaka bókstafi og hljóð. Undir þessa nálgun heyra nokkrar aðferðir. Misjafnt er eftir nemendum hvor leiðin hentar betur, en ljóst er að hvorug leiðin ein og sér mun skila þeim árangri sem sóst er eftir. Vert er þó að benda á vinsæla nálgun sem þróuð var við Háskólann á Akureyri, *Byrjendalæsi*, þar sem lögð er áhersla að sameina báðar þessar nálganir. Sú leið er vel undirbyggð fjölmörgum menntarannsóknunum á læsi, læsiskennslu og innleiðingu farsælla umbóta í skólstarfi (sjá t.d. <https://sites.google.com/view/byrjendalaes/byrjendalæsi/árangursrík-læsiskennsla>). Byrjendalæsi hefur ekki notið sannmælis í umræðum á Alþingi um umrædda þingsályktunartillögu. Þingmönnum er bent á að kynna sér fjölbreytt efni sem birst hefur um þessa nálgun.

Mikilvægt er að kennarar hafi svigrúm til að meta þarfir sinna nemenda og til að velja þær leiðir í kennslu sem henta best færni þeirra hverju sinni og því fráleitt að festa í aðalnámskrá eina aðferð umfram aðra.

2. Liður b: Tekið er undir mikilvægi þess að námsmatsaðferðir séu fjölbreyttar. Svokölluðum lesfimisprófum (hraðaprófum) er ætlað að meta færni nemenda m.a. í umskráningu. Í íslenskum leik- og grunnskólum eru notuð fjölmörg önnur greiningartæki til að meta hugtakaþekkingu, orðaforða, lesskilning, færni í ritun o.s.frv. Ekki væri hjálplegt að hætta að nota lesfimisprófin, sem meta eina af grunnstoðum læsis, heldur ætti að leggja áherslu á að auka framboð á góðum stöðuprófum og öðrum verkfærum sem kennarar geta valið að nýta til að meta stöðu sinna nemenda.
3. Liður c: Rétt er að benda flutningsmönnum tillögunnar á að samkvæmt íslenskum lögum og reglugerðum eiga nemendur að fá menntun við hæfi hvers og eins, þar með talið áskoranir við hæfi. Nægir þar að lesa lög um grunnskóla og aðalnámskrá auk menntastefnu 2030 og menntastefnur sveitarfélaga. Ekki skal því haldið fram að þetta

markmið hafi náðst en að lögfesta eina kennsluaðferð umfram aðra vinnur á mótí og dregur úr líkum þess að það takist.

4. Af lýsingum á verkefninu *Kveikjum neistann* og í máli forsvarsmanns þess í fjölmiðlum er óljóst hvaða nýjungar felast í verkefninu og þeirri hugmyndafræði sem að baki liggur. Þær aðferðir sem kynntar eru þar til sögunnar eru vel þekktar í íslensku skólastarfi, sbr. það sem kemur fram hér að framan um hljóðaaðferð í lestrarkennslu, 40 mínútna kennslustundir og hlé á milli (gjarnan nefnt frímínútur), kennsla í list- og verkgreinum, hreyfing í skólum svo eitthvað sé nefnt.
5. Ekki hefur verið sýnt fram á árangur af verkefninu sem gefur tilefni til útbreiðslu þess, a.m.k ekki á þessu stigi, þvert á það sem fullyrt er í greinargerðinni. Fullyrðingar þar um eru byggðar á afar veikum forsendum, svo ekki sé sterkar að orði kveðið. Þar er stuðst við stöðumat sem einungis er notaði í þessum eina skóla og enginn samanburður fyrirliggjandi, hvorki við aðra árganga innan skólans né við hópa nemenda í öðrum skólum.
6. Vísindalegur grunnur verkefnisins er jafnframt veikur, andstætt við það sem fullyrt er í greinargerð með tillögunni. Verkefninu hefur verið úthlutað háum fjárhæðum frá ýmsum aðilum, hærri en þekktist í sambærilegum íslenskum verkefnum, án þess að hafa farið í gegnum umsóknarferli samkeppnissjóða. Slíkt er alger undantekning hér á landi og þýðir að vísindalegt gildi verkefnisins hefur aldrei verið metið af til þess bærum aðilum. Hugakið menntaransókn á því ekki við í þessu tilviki.

Að framansögðu er ekki hægt að mæla með að verkefnið *Kveikjum neistann* verði innleitt með lögum í íslenska skóla. Það er í raun óskiljanlegt að verkefni sem engin reynsla er komin á og byggir á svo veikum faglegum og vísindalegum forsendum, sé komið á þetta stig. Með þessu er ekki verið að efast um að kennarar við Grunnskólann í Vestmannaeyjum annist kennsluna bæði af alúð og þekkingu og muni ná árangri með sína nemendur, eins og margir kennarar í íslenskum skólastofum gera. Heldur er verið að benda á, að þótt áskoranir í íslensku skólastarfi séu margar, þá er þessi tillaga sem hér er sett fram mjög ólíkleg til að leggja eitthvað af mörkum til að mæta þeim.

Virðingarfyllt

Dr. Anna Kristín Sigurðardóttir

Prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og
Forstöðumaður Rannsóknarstofu um þróun skólastarfs

Athugasemdir stjórnar *Félags læsisfræðinga á Íslandi* við tillögu til þingsályktunar um breytingar á aðalnámskrá grunnskóla (153. löggjafarþing 2022-2023. Þingskjal 52 - 52. mál), sendar þann 27.10.2022.

Almennt álit um málið

Stjórn Félags læsisfræðinga á Íslandi tekur undir áhyggjur þær sem birtast í greinargerð tillögunnar varðandi stöðu læsis íslenskra barna og að brýnt sé að færa þau mál til betri vegar sem fyrst til framtíðar. Stjórnin telur hins vegar að þessar tillögur ávarpi ekki nauðsynlegar og kerfisbundnar breytingar, séu einar og sér ekki líklegar til að bæta árangur og að horfa þurfi á læsisumbætur í víðara samhengi en hér birtist. eru því gerðar eftirfarandi athugasemdir við hverja tillögu fyrir sig:

a. Að leggja áherslu á bókstafa-hljóðaaðferð við lestrarkennslu.

Athugasemd: Nú þegar er hljóðaaðferð kennd í mörgum ef ekki flestum grunnskólum landsins, þó ekki sé ljóst nákvæmlega með hvaða hætti. Því væri eðlilegra að rannsaka hvernig kennsla fer fram í íslenskum grunnskólum áður en lagt er til að breyta einhverju sem ekki er vitað hvernig er framkvæmt. Það er einnig mikil einföldun að telja nóg að leggja áherslu á bókstafa-hljóðaaðferð (alla jafnan kölluð hljóðaaðferð) við upphaf formlegs lestrarnáms til þess að efla árangur í læsi, fleira þarf að koma til.

b. Að innleiða í stað leshraðamælinga stöðumatspróf með bókstafa-hljóðaaðferð, lesskilningspróf og mat á skriflegum texta.

Athugasemd: Það mat sem hér er kallað leshraðamæling er mæling á sjálfvirkni lestrar sem er hluti lesfimi. Fjöldi rannsókna hefur sýnt fram á mikilvægi fimi í lestri og má þar helst nefna afskaplega yfirgripsmikla rannsókn National Reading Panel frá árinu 2000 (<https://www.nichd.nih.gov/sites/default/files/publications/pubs/nrp/Documents/report.pdf>) sem og fjölda nýrri rannsókna. Lesfimi og lesskilningur haldast í hendur og það að vilja fjarlægja mælingu á sjálfvirkni til að koma að mælingu á lesskilningi er mikil einföldun. Það dregur þó ekki úr mikilvægi þess að meta lesskilning og ritunarhæfni nemenda einnig. Þar sem umrætt lesfimiþróf frá Menntamálastofnun er staðlað og viðmið sett um aldursbundinn árangur, nýtist það ekki einungis sem stöðu- og framvindupróf heldur gerir notkun þess kennurum einnig kleift að finna nemendur í áhættuhópi fyrir lestrarvanda. Lesfimiþrófinu fylgja einnig svokölluð stuðningspróf sem gera kennurum kleift að grennslast betur fyrir um ástæður slaks gengis á lesfimiþrófi en þessi próf eru tvö og meta umskráningarfærni (mat á orðleysulestri eða forsendur nemenda til að beita hljóðaaðferðinni við lestur) og sjónrænan orðaforða (lestur stakra orða). Að útbúa stöðluð próf sem standast kröfur hvað varðar áreiðanleika og réttmæti er ekki einfalt en öll þessi próf eru hluti af Lesferli og safni matstækja sem eru í endurskoðun og þróun. Eðlilegra væri að stjórnvöld myndu leggja áherslu á að efla prófasafn Menntamálastofnunar fremur en að fjarlægja það sem er til.

c. Að leggja áherslu á að hver nemandi fái áskoranir miðað við færni.

Athugasemd: Er þegar bundið í lög m.a. með ákvæðinu um skóla án aðgreiningar.

Við innleiðingu framangreindra breytinga verði haft samráð við Rannsóknarsetur um menntun og hugarfar og samtök kennara.

Athugasemd: Það er fullkomlega óeðlilegt að skilgreina samráð við eitt rannsóknarsetur sem stendur að einni rannsókn í einum skóla þegar verið er að leggja til breytingar á aðalnámskrá. Vísað er til góðs árangurs í Vestmannaeyjum en mikilvægt er að rýna betur í hann. Þegar gerðar eru rannsóknir er mikilvægt að fylgja reglum sem lúta að aðferðafræði til að niðurstöður séu réttmætar og áreiðanlegar. Við gerum eftirfarandi athugasemdir við það að hægt sé að vísa til árangurs á þessum tímamarki:

1. Enginn hópur er til samanburðar í rannsókninni. Mælitækið sem notað var til að meta árangur er búið til í Noregi fyrir um 30 árum og þýtt án nokkurrar stöðlunar. Þetta próf er hvergi annars staðar notað og því ekki hægt að bera saman árangur hópa. Þess utan eru engin skilgreind viðmið í prófinu sjálfu og því nánast ógjörningur að átta sig á þeim árangri sem þau eiga að skýra.
2. Margar breytur eru til staðar í verkefninu, má þar nefna breyttar áherslur í lestri, ástríðutíma, aukna hreyfingu og þjálfunarstundir. Þegar gerðar eru rannsóknir til að meta áhrif er nauðsynlegt að vita af hverju áhrifin stafa. Það er ekki að finna skýra rannsóknaráætlun sem gerir grein fyrir því hvernig ólíkar breytur eru mældar og metnar í samhengi við heildina.
3. Rannsóknin hefur staðið yfir í eitt ár, í einum árgangi barna í 1. bekk í einum skóla. Upplýsingar um verkefnið eru fátæklegar, ekki er að finna rannsóknaráætlun studda heimildum um verkefnið og því erfitt að meta nákvæmlega hvað verið er að rannsaka.

Við undirritaðar sem skipum stjórn Félags læsisfræðinga á Íslandi leggjumst eindregið gegn þessari tillögu og undirstrikum að hún er lögð fram á grundvelli ætlaðs árangurs sem studdur er ákaflega takmörkuðum gögnum, sem afað er með matstæki með lítt þekkta eiginleika, og án samanburðarhæfra upplýsinga. Einnig er ástæða til að undirstrika að varhugavert er að binda ákveðnar kennsluaðferðir og matstæki inn í aðalnámskrá og takmarka þannig faglegt sjálfstæði skóla til að velja leiðir til að ná faglegum markmiðum hennar. Tillagan virðist lítt ígrunduð og ber þess merki að ekki hafi verið leitað ráða hjá aðilum sem þekkingu hafa á málefninu.

Virðingarfyllst,

Auður Björgvinsdóttir
Guðbjörg Rut Þórisdóttir
Katrín Ósk Þráinsdóttir
Kristín Fjóra Bergþórsdóttir
Sonja Dröfn Helgadóttir

Sendandi: Stjórn Félags um menntarannsóknir (FUM)

Umsögn um Þingskjal 52 um breytingar á aðalnámskrá grunnskóla

Stjórn Félags um menntarannsóknir er mótfallið þingsályktunartillögu um breytingar á aðalnámskrá grunnskóla um að innleiða hugmyndafræði verkefnisins *Kveikjum neistann* og gera þær breytingar á aðalnámskrá grunnskóla að lögð verði áhersla á bókstafa-hljóðaaðferð við lestrarkennslu og að innleiða stöðumatspróf, lesskilningspróf og mat á skriflegum texta. Gerð er athugasemd við að fyrirfram sé valið ákveðið rannsóknarsetur um innleiðingu verkefnisins. Það er í andstöðu við gagnsæja stjórnýslu. Stjórn Félags um menntarannsóknir gerir eftirfarandi athugasemdir við einstaka liði:

Liður A: Samkvæmt núgildandi Aðalnámskrá grunnskóla gegna kennarar lykilhlutverki í öllu skólastarfi og byggist gæði menntunar og árangur skólakerfisins fyrst og síðast á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara. Fagmennska þeirra grundvallast á sérfræðilegri starfsmenntun, þekkingu, viðhorfum og siðferði starfsins og er á ábyrgð kennara að útfæra á faglegan hátt í kennslu sinni og öðru skólastarfi fyrir mæli menntalaga og þá stefnu sem birtist í aðalnámskrá. Við teljum að treysta eigi kennurum til að meta þarfir sinna nemenda og velja þær aðferðir í lestrarkennslu sem henta best og því ekki við hæfi að festa í aðalnámskrá eina aðferð umfram aðra. Því teljum við tillöguna ekki í anda núgildandi aðalnámskrá og rýra traust á fagmennsku og sjálfræði kennara í störfum.

Liður B: Samkvæmt núgildandi Aðalnámskrá grunnskóla er mat á árangri og framförum barna og ungmenna reglubundinn þáttur í skólastarfi, órjúfanlegur frá námi og kennslu. Megintilgangur námsmats er að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verður náð. Tryggja þarf að allt námsmat sé þannig úr garði gert að það meti það sem það á að meta á áreiðanlegan hátt. Að innleiða stöðumatspróf með bókstafa-hljóðaaðferð, lesskilningspróf og mat á skriflegum texta sem ekki er staðlað kemur ekki í stað þeirra matstækja sem skólar nota í dag og koma að góðum notum. Leggja ætti áherslu á að auka framboð á góðum stöðuprófum sem kennarar geta valið að nýta til að meta stöðu sinna nemenda. Menntamálastofnun vinnur að þróun prófasafns sem og hefur þeirri þróun ekki verið lokið vegna vanfjármögnunar. Við leggjum til að stutt verði enn frekar við þá þróun þar sem víðtækt samráð var haft við aðila úr skólasamfélaginu við þá vinnu.

Liður C: Þessi liður tillögunnar bætir engu við það sem þegar er í lögum og aðalnámskrá. Í 2. grein laga um grunnskóla er lögð áhersla á það meginhlutverk grunnskólans að stuðla að alhliða þroska allra nemenda. Í þessu felst krafan um að nám sé á forsendum hvers og eins nemanda og fari fram í hvetjandi námsumhverfi þar sem hann finnur til öryggis og fær notið hæfileika sinna. Því er brýnt að styðja stjórnendur og starfsfólk skóla til að framfylgja lögum og ákvæðum núgildandi aðalnámskrá grunnskóla.

Stjórn Félags um menntarannsóknir gerir alvarlegar athugasemdir við að vísindalegt gildi verkefnisins hefur aldrei verið metið þar sem það hefur ekki farið í gegnum umsóknarferli samkeppnissjóða eða opinbert útboðsferli. Telur stjórn Félags um menntarannsóknir að þær breytingar sem lagðar eru til í tillögunni séu hvorki tímabærar né bæti lestrarkennslu í skólum landsins.

Stjórn Félags um menntarannsóknir:
Anna Magnea Hreinsdóttir, formaður
Halldóra Pétursdóttir
Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir
Jóhann Örn Sigurjónsson
Sigríður Margrét Sigurðardóttir
Svava Björg Mörk
Tryggvi Brian Thayer

Umsögn um þingsályktunartillögu á þingskjali númer 52 um breytingar á aðalnámskrá grunnskóla

153. löggjafarþing 2022-2023

Sendandi: Félag doktorsnema við Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Stjórn félags doktorsnema við Menntavísindasvið Háskóla Íslands leggst eindregið gegn samþykkt tillögunnar. Heildartillagan snýr að innleiðingu hugmyndafræði verkefnisins *Kveikjum neistann* í aðalnámskrá grunnskóla. Tillagan inniheldur þrjá liði um breytingar á aðalnámskrá ásamt heildartillögu um að innleiða hugmyndafræði tiltekins þróunarverkefnis, og að við innleiðinguna verði haft samráð við bæði rannsóknarsetrið sem sér um verkefnið og samtök kennara.

Tillagan í heild sinni hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela mennta- og barnamálaráðherra að innleiða hugmyndafræði verkefnisins *Kveikjum neistann* og gera eftirtaldir breytingar á aðalnámskrá grunnskóla:

- Að leggja áherslu á bókstafa-hljóðaaðferð við lestrarkennslu.
- Að innleiða í stað leshraðamælinga stöðumatspróf með bókstafa-hljóðaaðferð, lesskilningspróf og mat á skriflegum texta.
- Að leggja áherslu á að hver nemandi fái áskoranir miðað við færni.

Við innleiðingu framangreindra breytinga verði haft samráð við Rannsóknarsetur um menntun og hugarfar og samtök kennara.“

Rök félagsins gegn heildartillögunni eru eftirfarandi:

- Um er að ræða þróunarverkefni til 10 ára sem hófst árið 2021. Einungis eitt ár er liðið af verkefninu og hafa engar niðurstöður verið birtar á fræðilegum vettvangi.
- Umrætt rannsóknarsetur hefur umsjón með verkefninu og framkvæmir einnig rannsókn á því. Í slíkum aðstæðum er sérstaklega mikilvægt að birtar niðurstöður séu ritryndar af óháðum aðilum til að tryggja trúverðugleika og fræðileg heilindi.
- Þar sem rannsóknarverkefnið er styrkt beint af ráðuneyti og Samtökum atvinnulífsins hafa hvorki rannsóknaráætlun né aðrar fræðilegar forsendur verkefnisins verið metnar af til þess bærum aðilum. Það er andstætt því verklagi sem haft er þegar rannsakendur sækja um í opinbera samkeppnissjóði, t.d. Rannsóknarsjóð. Þá er ekki að finna rannsóknaráætlun opinberlega á vef verkefnisins og „grunnkenningar“ eru settar stuttlega fram í fimm punktum án þess að geta nákvæmra heimilda eða veita skilgreiningar á lykilhugtökum. Þetta grefur verulega undan trúverðugleika rannsóknarinnar.

Liðir a og b leggja til að tiltekna aðferðir við lestrarkennslu og stöðumat í lestri verði innleiddar í aðalnámskrá. Það gengur gegn fagmennsku kennara að hendur þeirra séu bundnar af tilteknum kennsluaðferðum samkvæmt aðalnámskrá. Þá er ekkert sem bendir til annars en að kennarar velji nú þegar að nota þessar aðferðir við lestrarkennslu í bland við aðrar. Það má telja undarlegt að leggja til að yfirvald skuli hamla faglegu sjálfstæði kennara þegar kemur að vali á aðferðum við lestrarkennslu.

Liður c leggur til að hver nemandi fái áskorun miðað við færni. Ekki er rökstutt hvernig þetta er ólíkt því sem nú þegar er í aðalnámskrá grunnskóla um nám við hæfi hvers og eins (kafli 7.1) eða 2. gr. laga um grunnskóla. Þá má heldur færa rök fyrir því að með tillögum um að binda tiltekna kennsluaðferðir í lög sé gengið gegn markmiðum um að mæta þörfum nemenda með fjölbreyttan bakgrunn.

Reykjavík, 27. október 2022

Lagt er til að við innleiðingu sé haft samráð við bæði umrætt rannsóknarsetur og samtök kennara. Það hlýtur að teljast eðlilegt sem hluti af lýðræðislegu ferli að svo umfangsmiklar breytingar á aðalnámskrá séu unnar í samráði við samtök kennara. Við það má bæta að það er undirstaða lýðræðislegra kerfa að breytingartillögur af þessu tagi séu unnar í víðtæku samráði við hagsmunaaðila, í þessu tilviki m.a. bæði fagfólk úr skólasamfélaginu sem og fræðafólk á sviði menntavísinda.

Fyrstu niðurstöður verkefnisins *Kveikjum neistann* virðast lofa góðu og það er gleðilegt að kennarar og starfsfólk sem tekur þátt af hugsjón og metnaði upplifi ánægju og árangur eftir fyrsta vetur verkefnisins. En þegar kemur að rannsóknum og hagnýtingu þeirra er nauðsynlegt að rýnt sé í aðferðir og niðurstöður á gagnrýninn hátt. Í menntavísindum líkt og öðrum vísindum þurfa rannsóknaraðferðir að vera nákvæmlega útskýrðar. Mælitæki og annar fræðilegur bakgrunnur þurfa að liggja skýr fyrir svo skilja megi niðurstöður og meta yfirfærslugildi. Þar sem þessi grundvallaratriði rannsókna liggja ekki fyrir í þessu nýhafna þróunarverkefni, sem þó er styrkt af opinberu fé, eru mjög veikar forsendur fyrir því að innleiða aðferðir verkefnisins í aðalnámskrá. Því er það mat undirritaðra að hafna skuli tillögunni.

Virðingarfyllst fyrir hönd félags doktorsnema við Menntavísindasvið:

Flora Tietgen, formaður og doktorsnemi

Jóhann Örn Sigurjónsson, stjórnarmeðlimur og doktorsnemi

Elizabeth Bik Yee Lay, stjórnarmeðlimur og doktorsnemi

Adam Janusz Switala, stjórnarmeðlimur og doktorsnemi

Ingibjörg Jónsdóttir Kolka, stjórnarmeðlimur og doktorsnemi

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um breytingar á aðalnámskrá grunnskóla

nefndasvid@althingi.is

Sendandi: Guðmundur Engilbertsson lektor í menntunarfræði við Háskólann á Akureyri

Ég geri athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um breytingar á aðalnámskrá grunnskóla (153. löggjafarþing, 2022–2023, þingskjal 52).

Tillagan er í þremur liðum og felur í sér innleiðingu hugmyndafræði verkefnisins *Kveikjum neistann* sem er tíu ára þróunarverkefni í Grunnskóla Vestmannaeyja og hefur nú staðið yfir í rúmt ár.

- a-liður felur í sér að leggja eigi áherslu á bókstafa-hljóðaaðferð við lestrarkennslu,
- b-liður felur í sér að innleiða eigi í stað hraðamælinga stöðumatspróf með bókstafa-hljóðaaðferð, lesskilningspróf og mat á skriflegum texta,
- c-liður felur í sér að leggja eigi áherslu á að hver nemandi fái áskoranir miðað við færni.

Augljóst er á öllum liðum (a, b og c) að flytjendur tillögunnar hafa ekki nægilega góða innsýn í aðalnámskrá grunnskóla eða þekkingu á því starfi sem fer fram í grunnskólum. Það er t.d. lögbundið hlutverk grunnskóla (og skrifað í aðalnámskrá grunnskóla) að koma til móts við náms- og félagslegar þarfir nemenda — með öðrum orðum að leggja áherslu á að hver nemandi fái áskoranir miðað við færni. Tillagan (c-liður) felur því ekki í sér neina breytingu á námskrá.

Aftur ber á þekkingarleysi þegar lagt er til að skipta út mælingum á lesfimi (eins og það sé eina mælingin á lestri í grunnskólum) fyrir mælingu á öðrum þáttum (t.d. á lesskilningi). Í grunnskólum er stuðst við margs konar mat á lestri, t.d. skimunarpróf (þar sem m.a. er fylgst með stafabekkingu og umskráningarfærni), greiningarpróf (sem meta marga þætti lestrar og greina lestrarerfiðleika) og lesskilningspróf (sem meta ýmsa þætti er varða hugræna úrvinnslu við lestur, s.s. minni og staðreyndabekkingu, orðaforða og ályktunarfærni). „Nýtt“ stöðumatspróf með bókstafa-hljóðaaðferð (sem mælir leshraða en ekki lesskilning) kann að vera æskileg viðbót en ekki er röklegt að skipta út öðrum matstækjum fyrir slíkt viðbótarpróf. Hér er ekki tekin afstaða til þess hvernig eða hversu oft lesfimiþróf eru notuð en vísbendingar eru um að huga þurfi vel að því. Góð próf eru vel þegin án þess að ryðja öðrum gagnlegum prófum úr vegi og aðalnámskrá ætti ekki að mæla fyrir um hvaða próf eru notuð (eða ekki notuð).

Þá er það a-liðurinn sem felur í sér að leggja eigi áherslu á „bókstafa-hljóðaaðferð“ við lestrarkennslu. Þar ber einnig á þekkingarleysi því hljóðun bókstafa er einn grundvallarþátta lestrarkennslu. Það á allt eins við í Byrjendalæsi og í hljóðaaðferð sem eru eflaust algengustu nálganir í lestrarkennslu í dag. Ástæða er til að hvetja flytjendur tillögunnar (og þá sem taka hana til umfjöllunar) til þess að kynna sér vel lestrarkennslu í íslenskum skólum – ekki bara í einum skóla.

Allir liðir tillögunnar eru á skjön við veruleikann og/eða skynsemi og sú hugmynd að ætlast til að nýlegt þróunarverkefni (og það á fyrstu skrefum þess) verði haft að leiðarljósi aðalnámskrár grunnskóla byggir ekki á neinum ásættanlegum forsendum. Þróunarverkefnið lofar góðu enda fylgir því mikil ástríða, orka, fjármagn og utanumhald. Það verður því áhugavert að fylgjast með þróun þess en þar sem opinberar áætlanir liggja ekki fyrir um framhaldið verður það óvissuferð.

Þar sem töluvert og einhliða er fjallað um „bókstafa-hljóðaaðferð“ í greinargerðinni með tillögunni er rétt að benda á að hljóðaaðferðin (synthetic phonics) býr yfir kostum en á sér einnig takmörk. Hún er eindaraðferð sem snýr að afmörkuðum þætti lestrar og þegar umskráningarfærni (decoding) hefur verið náð gegnir hún ekki lengur hlutverki í lestrarkennslu. Þegar einhliða áhersla er lögð á hana og horft fram hjá öðrum mikilvægum þáttum getur það unnið gegn helsta markmiði lestrar sem er að taka lesefnið hugartökum og lesa til þess að læra. Handan við þá grunnfærni sem hljóðaaðferðin

stuðlar að bíður nám sem tengist djúpperð læsis (deep literacy) og yfirfærslu eða nýmyndun (transfer literacy) og byggir á hugrænni úrvinnslu, málskilningi og krefjandi hugsun. Í því gangverki hefur hljóðaaðferðin lítið fram að færa. Það að mæla fyrir um „bókstafa-hljóðaaðferð“ í skólasterfi og kalla eftir að yfirvöld beiti sér fyrir þeirri nálgun kann að stuðla að tiltekinni grunnfærni en draga í leiðinni úr mikilvægi áherslu á hugræna úrvinnslu í lestri og þróun hæfni til merkingarsköpunar.

Nýlega var gerð grein fyrir viðamikilli rannsókn á lestrarkennslu í enskum skólum. Í ljós kom að áhersla á samþætta lestrarkennslu þar sem horft er til mismunandi þátta lestrar hefur á undanförunum áratugum (og með töluverðum þrýstingi) vikið fyrir einhliða áherslu á hljóðaaðferð og bókstafi og hljóð. Meginniðurstöður rannsóknarinnar eru þær að áhersla á samþætta nálgun í lestrarkennslu sé árangursríkari en kennsla sem einblínir á einn færniþátt (Wyse og Bradbury, 2021). Það er til samræmis við niðurstöður viðamikillar yfirlitsrannsóknar Hatties (2009) um áhrif læsistengdra þátta á nám.

Það er því ekki hægt að segja að sammæli sé um mikilvægi hljóðaaðferðarinnar í lestrarkennslu á kostnað samvirkra aðferða þó hljóðun bókstafa gegni vissulega mikilvægu hlutverki í lestrarkennslu.

Heimildir sem vísað er til

Hattie, J. (2009). *Visible learning: A synthesis of over 800 meta-analyses relating to achievement*. Routledge.

Wyse, D. og Bradbury, A. (2021). Reading wars or reading reconciliation? A critical examination of robust research evidence, curriculum policy and teachers' practices for teaching phonics and reading. *Review of Education*. <https://bera-journals.onlinelibrary.wiley.com/.../rev3...>

Umsögn um þingsályktunartillögu á þingskjali númer 52.

Breytingar á aðalnámskrá grunnskóla

nefndasvid@althingi.is

Sendandi: Ingólfur Ásgeir Jóhannesson prófessor í menntunarfræðum við Háskóla Íslands.

Tillagan felur í sér þrjá stafliði en einnig heildartillögu um að innleiða tiltekna hugmyndafræði og um samráð við tiltekið Rannsóknarsetur við Háskóla Íslands, auk samráðs við samtök kennara. Tillagan er því rauninni sex atriði.

Tillagan er þannig:

„Alþingi ályktar að fela mennta- og barnamálaráðherra að innleiða hugmyndafræði verkefnisins *Kveikjum neistann* og gera eftirtaldar breytingar á aðalnámskrá grunnskóla:

- a. Að leggja áherslu á bókstafa-hljóðaaðferð við lestrarkennslu.
- b. Að innleiða í stað leshraðamælinga stöðumatspróf með bókstafa-hljóðaaðferð, lesskilningspróf og mat á skriflegum texta.
- c. Að leggja áherslu á að hver nemandi fái áskoranir miðað við færni.

Við innleiðingu framangreindra breytinga verði haft samráð við Rannsóknarsetur um menntun og hugarfar og samtök kennara.“

Ég tel að slík tillaga sem heild gangi gegn fagmennsku kennara, sem meðal annars felur í sér að ákveða hvaða aðferðir við kennslu og námsmat henta hverju sinni.

Stafliðir a og b fela það sérstaklega í sér kennarar og skólar geti ekki valið aðferðir sem henta nemendum skólans.

Flutningsmaður, Eyjólfur Ármannsson, lét sér verða tíðrætt um alþjóðlega viðurkenndar aðferðir. Mjög margar kennsluaðferðir og aðferðir við skólaþróun eru ekki séríslensk fyrirbæri. Það gildir einnig um Byrjendalæsi sem kom til umræðu, fyrst í andsvari Björns Levís Gunnarssonar, og fékk dóminn „drasl“ sem Björn dró til baka í umræðum um fundarstjórn, en Eyjólfur stóð við. Byrjendalæsi er eins og ég skil það ekki síst skólaþróunaraðferð og er sem slík byggð á viðurkenndum aðferðum við innleiðingu nýjunga í skólastarf. En ég væri ekki hrifinn af því að fá tillögu, til dæmis frá þingmönnum í Norðausturkjördæmi, um að mæla fyrir um að nota þá aðferð í aðalnámskrá.

Grunnskólar eiga að koma til móts við mismunandi námsparfir ólíkra einstaklinga samkvæmt aðalnámskrá eins og Elsa Lára Arnardóttir varaþingmaður tók fram í andsvari. Ég fæ ekki séð að í staflið c um „áskoranir miðað við færni“ felist neitt annað en það sem þegar er í námskrá, aðeins þrengra orðað.

Í tillögunni er einnig mælt fyrir um að haft verði samráð við tiltekið rannsóknarsetur. Heppilegra er að fræðsluyfirvöld, skólar og kennarar geti valið við hvaða fræðafólk í háskólunum og annars staðar haft er samráð við. Sem betur fer er af mörgu að taka.

Er „bókstafa-hljóðaaðferð við lestrarkennslu“ góð aðferð? Um það virðist nokkur eining meðal kollega minna sem hafa þekkingu á lestrarkennslu. Ýmsar aðrar kennsluaðferðir og skólaþróunaraðferðir er ekki jafneinfalt að rannsaka og niðurstöður því ekki jafnafgerandi þótt gríðarlega mikið sé til af rannsóknum á kennslu svo og yfirlitsrannsóknum um þær

rannsóknir. Hirsh og félagar skoðuðu nýlega (sjá tilvitnun neðst) þessi rannsóknayfirlit. Þau völdu 25 mest ívitnuðu rannsóknayfirlitsgreinarnar frá þremur tímabilum á árunum 1980 til 2017, með mesta þéttleikanum næst okkur. Tvær meginspurningar virtust vera til umfjöllunar – í lauslegri þýðingu minni: Hefur tiltekin nálgun að kennslunni áhrif á nám og frammistöðu nemendanna? Hvað og hvernig geta aðrir lært frá þeim rannsóknum sem hefur verið lokið við? Þau benda sérstaklega á tiltekinn vanda við rannsóknir á kennslu að erfitt getur verið að taka tillit til umhverfispáttá, það er *hver er staðurinn og stundin*. En einnig á þann vanda að margar kennsluáðferðir eru yfirgripsmiklar og flóknar, úthugsaðar af hálfu kennaranna, og erfitt getur verið að einangra hvað í kennslunni það er sérstaklega sem hefur mestu áhrifin.

Það er gleðilegt að Kveikjum neistann-verkefnið í Vestmannaeyjum lofi góðu. En getur verið að það sé staðurinn og stundin og *stuðningurinn*, fjárhagslegur sem annar, sem þetta skólaþróunarverkefni fær sem hefur áhrif, ekki síður en það sem fram kemur í stafliðum og a og b?

Ég tel að með þingsályktunartillögunni í heild sé verið að gera lítið úr fólki í skólakerfinu sem hefur þekkingu og bakgrunn til að ákveða hvaða áðferðir eru notaðar hverju sinni, eins og Elsa Lára Arnardóttir benti einnig á í andsvari sínu, „ríkisaðferð“ eins og hún orðaði það.

Hið eina sem ég get tekið undir í tillögunni er að haft sé samráð við samtök kennara. En ef ekkert annað nothæft er eftir í tillögunni er kannski óþarfi að samþykkja það sérstaklega á Alþingi. Ég tel því að það eigi að hafna tillögunni.

Tilvitnun í texta: Åsa Hirsh, Claes Nilholm, Henrik Roman, Eva Forsberg & Daniel Sundberg. (2022). Reviews of teaching methods – which fundamental issues are identified? *Education Inquiry*, 13(1), 1–20, DOI: 10.1080/20004508.2020.1839232

Ég sendi ykkur hér athugasemdir mína sem ég sendi inn í vor varðandi þingskjal 796 - 562.mál
Ég geri alvarlegar athugasemdir við tillögu um breytingu á Aðalnámskrá grunnskóla. Ég er alveg sammála því að nemendur okkar standa sig ekki nægjanlega vel í lestri og lesskilningi þegar kemur að PISA könnunum en ég tel hins vegar alls ekki að lausnin við þeim vanda sé að festa það í Aðalnámskrá að kenna skuli lestur eftir ákveðinni aðferð. Nemendur eru eins misjafnir og þeir eru margir og læra á mismunandi hátt.

Alvarlegast finnst mér samt að það eigi að hampa einu þróunarverkefni - Kveikjum neistann - sem ENGIN reynsla er komin á enn sem komið er. Ég kenni yngstu tveimur árgöngunum í mínum skóla og er að ná sambærilegum árangri með mína nemendur og fyrstu niðurstöður (eftir eitt ár) þessa þróunarverkefnis sýna, og hef ég þó ekki aðgang að öllum þeim sérfræðingum og peningum sem þetta verkefni fær. Hefur það eitthvað verið kannað af einhverju viti hver lestrarárangur yngstu nemendanna er svona yfir höfuð á landinu? Hefur eitthvað verið athugað hvað og hvernig þeir kennarar, sem ná góðum árangri með sína nemendur, eru að kenna?

Það er algjörlega út í hött að einn maður, með eitt þróunarverkefni og enga samanburðarhópa geti skapað svona múgæsing á meðal þingmanna að þeir séu tilbúnir til að festa í lög eitthvað sem þeir hafa enga þekkingu og ekki hundsvit á. Ef festa á svona lög þarf að fara fram athugun á því hver staðan er, fara fram samanburðarrannsókn og fylgja þessu verkefni eftir í meira en einn vetur til þess að sjá hvort að það sé virkilega það sem er að gera gæfumuninn.

Virðingafyllst

Freydís Þorvaldsdóttir, lestrarkennari yngri barna

Athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um breytingar á aðalnámskrá grunnskóla

Kennaradeild Háskólans á Akureyri og Miðstöð skólaþróunar við HA gera eftirfarandi athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um breytingar á aðalnámskrá grunnskóla (153. löggjafarþing 2022–2023. Þingskjal 52 – 52. mál).

Það er einkennilegt að Kennaradeild Háskólans á Akureyri og Miðstöð skólaþróunar við HA séu ekki meðal þeirra 12 aðila sem fengu umsagnarbeiðni frá allsherjar- og menntamálanefnd. Við Kennaradeild starfa sérfræðingar og rannsakendur í læsisfræðum, deildin menntar leik- og grunnskólakennara og Miðstöð skólaþróunar hefur sérhæft sig í ráðgjöf við læsiskennslu.

Það vekur furðu að lagt sé til að fela mennta- og barnamálaráðherra að innleiða hugmyndafræði verkefnis sem er nýhafið. Það hefur ekki verið lögð fram opinberlega rannsóknaráætlun vegna verkefnisins *Kveikjum neistann* eins og gerð er krafa um til allra aðila sem hljóta opinbera styrki til rannsóknar- og þróunarverkefna og mjög takmarkaðar upplýsingar um skipulag verkefnisins og rannsóknarinnar er að finna á heimasíðum rannsóknarsetursins og verkefnisins. Þá hafa ekki heldur verið birt nein ritrýnd gögn um raunprófun aðferðarinnar eða árangur af henni.

Við einstaka liði tillögunnar gerum við eftirfarandi athugasemdir:

- A. Sú hugmynd að binda í aðalnámskrá hvaða aðferðir skuli notaðar í lestrarkennslu er grundvallarstefnubreyting í menntamálaum á Íslandi. Fram til þessa hefur aðalnámskrá lagt línur um áherslur í námi og markmið sem stefnt skuli að en kennurum og skólum hefur verið treyst fyrir því að velja leiðir til að ná settum markmiðum aðalnámskrár. Stefnubreyting sem þessi er vantraustsyfirlýsing á skóla og kennara og gerir lítið úr fagmennsku stéttarinnar.

Flutningsmenn tillögunnar virðast ganga út frá því að hægt sé að bæta árangur í lesskilningi í PISA með því að nota bókstafa-hljóðaaðferð við lestrarkennslu í yngstu bekkjum grunnskóla. Fyrir liggur að hljóðaaðferð hefur verið notuð í íslenskum skólum um langt árabil og því er erfitt að sjá að framgangur þessarar tillögu muni hafa einhver áhrif á árangur á PISA. Flutningsmenn tillögunnar hafa ekki lagt fram nein gögn sem styðja að bókstafa-hljóðaaðferð við lestrarkennslu yngstu barnanna hafi bein tengsl við árangur í lesskilningi við 15 ára aldur. Nær væri að horfa til þess hvað gerist í læsiskennslu eftir að nemendur hafa náð grundvallarfærni í umskráningu en á þeim tíma er mikilvægt að unnið sé með lesskilningsaðferðir, eflingu orðaforða, ritun, tjáningu og túlkun. Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið í íslenskum skólum benda til þess að nám og kennsla í þessum þáttum sé fremur brotkennt.

- B. Taka má undir þá gagnrýni að lögð hafi verið of mikil áhersla á að mæla lesfimi allra nemenda óháð getu undanfarin ár. Hraðapróf eiga sér langa hefð í íslensku skólaskerfi enda eru þau skilgetið afkvæmi hljóðaaðferðar og vel til þess fallin að meta umskráningarfærni. Hins vegar má deila um gildi þeirra til að meta læsi barna á mið- og unglingastigi enda þótt flestir lestrarfræðingar séu sammála um að slík próf séu gagnleg til að fylgjast með framförum í lestri í fyrstu bekkjum grunnskóla. Að skipta þeim prófum sem nú eru notuð út fyrir það sem flutningsmenn tillögunnar kalla „stöðumatspróf með bókstafa-hljóðaaðferð“, og vísar eftir því sem næst verður komist til prófsins sem notað var í Vestmannaeyjum, væri ábyrgðarlaust. Það próf er ekki staðlað og metur einungis þekkingu barnanna á stöfum og hljóðum og hvort þau eru farin að geta tengt saman stafi/hljóð í lestri á einföldum texta. Lesfimi er langt því frá fullþróuð þegar þeirri færni er náð og mikilvægt að geta fylgst með framvindunni áfram.

Lesfimiþróf og fleiri matstæki sem skólar nota í dag koma þar að góðum notum. Þá er rétt að geta þess að lesfimiþróf Menntamálastofnunar eru hluti af prófasafni sem er enn í mótun og mun þegar fram líða stundir einnig innihalda mat á lesskilningi og ritun. Vinnan við prófagerðina hefur hins vegar tafist vegna þess að stofnunin hefur ekki fengið nægt fjármagn í verkefnið.

- C. Varðandi þriðja lið tillögunnar, þ.e. að tryggja að allir nemendur fái áskoranir við hæfi, þá hefur Ísland í áratugi fylgt stefnu um skóla fyrir alla þar sem leitast er við að koma til móts við náms- og félagsþarfir allra nemenda. Þessi liður tillögunnar sýnir því að flutningsmenn hennar hafa ekki kynnt sér vel gildandi skólastefnu, lög og reglugerðir, sem er eðlilegt að gera áður en lögð er fram breytingatillaga sem þessi. Það hefur hins vegar skort á að stjórnendur og starfsfólk skóla hafi fengið þann stuðning sem þörf hefur verið á til þess að framfylgja þessari stefnu svo vel sé.

Í ljósi þess að hér á landi eru starfandi kennaramenntunarstofnanir og aðrar stofnanir á vegum ríkis og sveitarfélaga þar sem starfa sérfræðingar og fræðafólk í læsi vekur það furðu að ekki er ætlunin að leita til þeirra varðandi ráðgjöf við innleiðingu breytinganna. Með því er verið að lýsa vantrausti á þær stofnanir og það fræðafólk sem þar starfar.

Við sem hér skrifum undir leggjumst eindregið gegn þeirri þingsályktunartillögu sem hér er lögð fram.

Anna Elísa Hreiðarsdóttir

Anna Ólafsdóttir

Anna Sigrún Rafnsdóttir

Bergljót Prastardóttir

Birna María B. Svanbjörnsdóttir

Bragi Guðmundsson

Brynhildur Bjarnadóttir

Brynhildur Sigurðardóttir

Eydís Einarsdóttir

Finnur Friðriksson

Garðar Ágúst Árnason

Guðmundur Engilbertsson

Gunnar Gíslason

Hermína Gunnþórsdóttir

Íris Hrönn Kristinsdóttir

Jenný Gunnþórsdóttir

Jórunn Elíadóttir

Kristín Dýrfjörð

Kristín Margrét Jóhannsdóttir

Rannveig Oddsdóttir

Rúnar Sigþórsson

Sigríður Ingadóttir

Sigríður Margrét Sigurðardóttir

Sólveig Zophoníasdóttir

Svava Björg Mörk

Þorlákur Axel Jónsson



Nefndasvið Alþingis – Allsherjar- og menntamálanefnd

Austurstræti 8

150 Reykjavík

Efni: Umsögn Kennarasambands Íslands um tillögu til þingsályktunar um breytingar á aðalnámskrá grunnskóla, þingskjal 796, 562.mál

Kennarasamband Íslands telur það almennt ekki þjóna hagsmunum íslenskra nemenda að íslenska ríkið velji ákveðnar kennsluaðferðir, hvað þá án þess að undangengið sé viðtækt samráð við lykilaðila skólasamfélagsins sem eru stjórnendur, kennarar og nemendur í grunnskólum.

Í lið a í tillögunni velja flytjendur eina afmarkaða kennsluaðferð sem þeir leggja til að verði með valdboði gerð að ríkjandi aðferð við lestrarnám. Kennarasambandið vill sérstaklega benda á það að fyrstu merki eru um það að verkefnið „Kveikjum neistann“ í Vestmannaeyjum hafi skilað árangri í lestrarnámi og með þessu álitni okkar er á engan hátt verið að rýra þann árangur.

Verkefnið byggir á bókstafa- og hljóðaaðferð sem hefur verið ríkjandi aðferð lengi í íslenskum skólum, þar sem nemendur byrja á að læra einstaka bókstafi og hljóð sem svo tengjast saman í orð og setningar. Aðrar kennsluaðferðir hafa farið þá leið að efla skilning og áhuga á texta og síðan farið í einstaka orð og hljóð og einnig er víða um blandaðar leiðir í lestrarkennslu að ræða. Það að ákveða að skylda eina aðferð beinlínis gengur gegn hagsmunum nemenda þar sem löngu er orðið ljóst að nemendur eru ólíkir og horfa verður til þeirra fyrst og fremst þegar kemur því að ákvarða lestrarnám þeirra. Benda má á verkefnið Byrjendalæsi sem hefur verið unnið í mörgum íslenskum skólum og að auki vísa í upplýsingar frá Miðju máls og læsis um aðrar leiðir sem hafa náð eftirtektarverðum árangri líkt og fyrstu vísbendingar eru um hjá „Kveikjum neistann“. Fjölbreytileiki kennsluaðferða er svarið við flóknu verkefni líkt og því að efla lestrarkunnáttu margbreytilegs hóps.

Í lið b tillögunnar er lagt til að lesfimiþróf (hraðapróf) verði alfarið lögð niður. Prófin miða að færni nemenda í umskráningu þar sem talið er að ákveðin rök hnígi að því að vísbendingar um almenna lestrarfærni megi finna með slíkum prófum. Í umræðu um lestrarnám og kennslu hefur mikil áhersla verið lögð á prófin sjálf en ekki þær niðurstöður sem þau gefa eða þá úrvinnslu sem skólar fylgja eftir með niðurstöðum þeirra. Prófin eru einungis lítill hluti af lestrarnámi og hluti þeirra greiningartækja sem skólar nýta sér við lestrarnám og útfærslu læsisstefna sinna. Kjarninn liggur í námsaðferðum og því samstarfi sem liggur í læsisstefnum sem hafa aðkomu bæði skólans og heimilanna og niðurstöður lesfimiþrófa eiga að aðstoða við það samstarf og með hagsmuni nemenda í huga. Lykilatriðið er að auka framboð á góðum stöðuprófum sem taka á öðrum þáttum svo sem lesskilningi og orðaforða sem ásamt umskráningarprófum geta teiknað heilsteyptari mynd af lestrarkunnáttu.

Í c lið tillögunnar má segja að í raun sé hún farin að tala gegn fyrri tveimur liðum hennar en þar kemur fram að horfa eigi til þess að nemendur fái áskoranir miðað við færni sem ekki á nokkurn hátt er líklegra að náist fram með því að einskorða lestrarnám við eina afmarkaða kennsluaðferð. Undir það tekur Kennarasamband Íslands og treystir því fullkomlega að upplýsingar um lestrarnám í Aðalnámskrá grunnskóla, menntastefnum sveitarfélaga og læsisstefnum hvers skóla tiltaki mikilvægi nákvæmlega þessa og sé skýr röksemd fyrir því að ekki sé nokkur ástæða til að festa með lögum eina ákveðna kennsluaðferð.



Kennarasambandið ítrekar það að verkefnið „Kveikjum neistann“ ber vott um metnað í hvívetna. Sveitarfélagið Vestmannaeyjar hefur sett eftirtektarvert viðmið um árangur sem óskað er að náist í lestrarnámi nemenda og ætla sér stóra hluti. Það er hins vegar afskaplega mikilvægt að verkefnið fái að þróast og gerð verði á því úttekkt sem gæti sannarlega leitt til þess að fleiri skólar og sveitarfélög velji sér að það verði hluti læsisstefnu sinnar. Áður í þessari umsögn hefur verið bent á önnur verkefni og stofnanir sem hafa lagt sitt lóð á vogarskálar þess verkefnis að bæta lestrarnám íslenskra barna, það er verkefnið.

Kennarasamband Íslands er væntanlega það sem flutningsmenn eiga við þegar þeir tala um „samþök kennara“ í tillögu sinni. Sérstaklega viljum við áréttta það að ef að ná á árangri í skólalastarfi skiptir máli að sú vinna sé unnin með ígrundun kennara og skólastjórnenda í samráði við vísindamenn í menntavísindum. Um slíkt samráð hefur ekki verið að ræða þegar kemur að umræddri þingsályktunartillögu og því mikilvægt að áréttta það við sitjandi þingmenn á Alþingi Íslendinga að vænlegra er að tala við hagsmunaaðila en að tala um þá.

Við áttum okkur á því að flutningsmenn vilja leggja lestrarnámi lið og er það vel, en mikilvægi þess að teknar séu ákvarðanir á heiltækum forsendum með ólíkum sjónarmiðum er algert. Það er ekki á nokkurn hátt hlutverk alþingismanna að velja „réttar leiðir“ byggðar á tilfinningum þeirra eða umræðu um afmarkaða þætti. Skólalastar á það skilið að ákvarðanir séu teknar á forsendum samþykkrta menntavísinda og leidd af þeim hópi sem treyst er fyrir því að framkvæma stefnuna.

Kennarasambandið leggst því alfarið gegn ályktun flutningsmanna um að innleiða afmarkaða kennsluáðferð inn í aðalnámskrá grunnskóla.

F.h. Kennarasambands Íslands,

Formaður

**Til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis
Frá forseta Menntavísindasviðs HÍ**

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um breytingu á aðalnámskrá grunnskóla, 153. löggjafarþing, þingskjal nr. 52

Með erindi þessu er brugðist við ósk allsherjarnefndar um umsögn um ofangreinda tillögu sem Flokkur fólksins hefur lagt fram.

Tillagan felur í sér að Alþingi feli mennta- og barnamálaráðherra að innleiða hugmyndafræði verkefnisins *Kveikjum neistann* og gera eftirtaldar breytingar á aðalnámskrá grunnskóla:

- a) að leggja áherslu á bókstafa-hljóðaaðferð við lestrarkennslu.
- b) að innleiða í stað leshraðamælinga stöðumatspróf með bókstafa-hljóðaaðferð, lesskilningspróf og mat á skriflegum texta.
- c) Að leggja áherslu á að hver nemandi fái áskoranir miðað við færni.

Við innleiðingu framangreindra breytinga verði haft samráð við Rannsóknarsetur um menntun og hugarfar og samtök kennara.

Það hefur sannarlega tekist að kveikja neistann í Vestmannaeyjum og verkefnið hefur jafnframt kveikt neistann í samfélagslegri umræðu um menntamál. Það er mikið ánægjuefni þegar breið samstaða myndast um þróun skólastarfs líkt og í Vestmannaeyjum, og foreldrar, fagfólkið í skólanum og sveitarstjórnarfolk taka höndum saman. Nú beinist kastljósið að þeim mikilvæga málaflokki sem lestur og læsi er. Því ber að fagna að þingmenn vilji leggja sitt lóð á vogarskálar um að efla íslenskt menntakerfi. Undirritaðar kalla hins vegar eftir mun víðtækara samráði við fræða- og fagsamfélagið en ofangreind þingsályktunartillaga byggist á. Óskynsamlegt er að leggja upp í þá vegferð að innleiða aðferðafræði sem unnið er með í þróunar- og rannsóknarskyni í einum grunnskóla og er komin stutt á veg.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni kemur fram að árangur íslenskra nemenda í PISA-könnun sé með öllu ólíðandi og er fullyrt að megin ástæðan séu að ríkjandi lestrarkennsluaðferðir hér á landi séu slakar. Vissulega er brýn þörf á að efla hæfni og árangur íslenskra nemenda, s.s. í PISA-könnuninni, en höfundar tillögunnar draga upp ákaflega einfaldaða mynd af stöðu mála. Allar vestrænar þjóðir takast á við breyttan samfélagslegan veruleika þar sem lestur, ekki síst bóklestur, er á hröðu undanhaldi, og börn og ungmenni nota stafræna miðla, myndbönd og örtexa til að afla sér upplýsinga. Hér á landi er því sótt að íslenskunni úr öllum áttum. Slakan árangur 15 ára barna á PISA-könnun má því rekja til mun flóknari þátta en þess hvernig börn læra lestur í fyrsta bekk



grunnskóla. Rannsóknir, bæði hér á landi og erlendis, sýna að mikil þörf sé á að vinna mun markvissar með læsi og lestur á mið- og unglíngastigi grunnskóla (Sigríður Ólafsdóttir og Baldur Sigurðsson, 2019). Bent hefur verið að leggja þurfi ríka áherslu á lesskilning, orðaforða og fjölbreytt málnotkun, bæði innan skóla en ekki síður á heimilum (Sigríður Ólafsdóttir og Baldur Sigurðsson, 2017).

Tillagan gengur út á að lögbinda bókstafa-hljóðaaðferð við lestrarkennslu, en rannsóknir hérlendis sýna að nú þegar nýtir meirihluti kennara á yngsta stigi þá aðferð enda hafa fræðimenn mælt með aðferðinni um árabil. Alþingi hefur ríkar skyldur þegar kemur að því að móta löggjöf sem markar stefnu og áherslur í þágu þjóðar og samfélags. Ýmis lög ramma inn hlutverk menntastofnana og skerpa á margþættu mennta- og uppeldishlutverki þeirra og ábyrgð gagnvart skjólstæðingum og samfélagi. Nýlega voru lög um menntun kennara endurskoðuð en þau voru einnig endurskoðuð árið 2008 og var þá nám kennara lengt úr þremur í fimm ár. Í nýjum lögum um kennaramenntun er höfuðáhersla lögð á hæfni kennara sem sérfræðinga í kennslu, námi og þroska nemenda. Það skýtur skökku við að löggjafa sé ætlað að festa í lög þær aðferðir og verkfæri sem kennarar skuli nota. Í Aðalnámsskrá grunnskóla kemur fram að kennarar gegni lykilhlutverki í skólastarfi. Fram kemur að "... fagmennska kennara byggist á sérfræðilegri starfsmenntun, þekkingu, viðhorfum og siðferði starfsins. Fagmennska kennara snýst um nemendur, menntun þeirra og velferð" (bls. 4). Þá kemur fram að kennarar beri ábyrgð á að útfæra í kennslu og skólastarfi í samræmi við menntastefnu og aðalnámsskrár.

Tekur lestrarkennsla ekki mið af vísindum?

Því er haldið fram í greinargerð með þingsályktunartillögum að tímabært sé að lestrarkennsla taki mið af fremstu vísindum og vísað til orða Hermundar Sigmundssonar, prófessors. Hið rétta er að lestrarkennsla á Íslandi hefur mótast á grunni bestu þekkingar hverju sinni og er ennþá að þróast þar sem að námsumhverfi og félagslegur veruleiki barna hefur tekið stökkbreytingum. Því er hér tekið undir þá áskorun sem tillagan byggist á að það þurfi að efla stuðning við lestur og læsi barna. En ef markmiðið er að bæta árangur á PISA-könnun þá liggur beinna við að stórefla lestrarkennslu barna á mið- og unglíngastigi. Og hér eru allir fræðimenn á einu máli um að fjölbreyttir kennsluhættir, sem virkja áhuga barna á lestri og margskonar miðlun, séu lykilatriði.

Lesfimiþróf

Þingsályktunartillagan byggist á þeim misskilningi að Aðalnámsskrá grunnskóla segi fyrir um hvaða matstæki eigi að nota í skólastarfi. Ólíklegt er að höfundar tillögunnar hafi kynnt sér til hlítar hvar þau tilmæli liggja að það skuli prófa börn í leshraða þrisvar sinnum á ári. Enda eru þau tilmæli ekki til. Orðið *lesfimi* kemur einu sinni fyrir í aðalnámsskrá grunnskóla og þá í kafla um hæfniviðmið um



kennslu íslensku sem annars máls. Hins vegar er rík ástæða til að kanna til hlítar með hvaða hætti lesfimiþróf eru kynnt og notuð innan íslenskra grunnskóla. Mælingar á lestrarhraða geta verið nýttar til að bera saman stöðu ólíkra nemendahópa, s.s. milli bekkja, skóla og landshluta eða til að auðvelda kennurum, foreldrum og nemendum að fylgjast með framvindu lestrarnáms, þar sem góð lesfimi er mikilvægur mælikvarði á lestrarhæfni viðkomandi (sjá t.d. Rannveig Oddsdóttir, 2018). Rannsóknir sýna að lesfimiþróf geti gagnast mjög til að meta framvindu á sjálfvirkni í lestri og umskráningarfærni sem er forsenda þess að nemendur skilji það sem þeir lesa. Lesfimiþróf eru einnig öflug tæki til þess að skima fyrir mögulegum lestrarörðugleikum, en rannsókn á meðal íslenskra nemenda hefur sýnt að lesfimi, ásamt orðaforða, veitir einna sterkustu forspána um það hvort 15 ára nemendur lenda yfir eða undir tveimur lægstu hæfniprepunum í lesskilningi í PISA prófinu (Freyja Birgisdóttir, 2016). Hér, eins og með svo margt innan menntakerfisins, þarf þó að sýna skynsemi og innsæi í notkun matstækisins, ekki síst hvernig það er túlkað og kynnt. Tekið er undir áhyggjur af því að þau börn sem ekki ná nægilega góðum tókum á lestrarhraða upplifi niðurbrot, ef þau síendurtekið standa sig illa og verr en jafnaldrar sínir. Það gera þau líka ef þau taka önnur próf sem gera kröfur til þeirra sem þau standa ekki undir. Tímabært er að endurskoða vandlega með hvaða hætti lesfimiþróf eru nýtt, en ekkert mælir með því að láta alfarið af því að nýta lesfimiþróf. Það er samkvæmt lögum um grunnskóla á ábyrgð stjórnvalda að ytra mati á skólastarfi sé sinnt, meðal annars með gerð kannana og stöðumats og geta stjórnvöld falið stofnunum sínum að sinna slíkum verkefnum. Menntamálastofnun hefur haldið utan um ytra mat grunnskóla. Sá þáttur ásamt fleirum mun væntanlega koma til endurskoðunar þegar mótað verður hvaða hlutverki ný stofnun, sem byggð verður á grunni Menntamálastofnunar, mun fá.

Forsaga lesfimiþrófa Menntamálastofnunar

Áhugavert er að rifja upp að í kjölfar Hvítbókar um menntamál árið 2014, þar sem dregin var upp dökk mynd af læsi íslenskra barna, ýtti þáverandi menntamálaráðherra, Illugi Gunnarsson, úr vör þjóðarátaki um læsi. Í kjölfarið vann Menntamálastofnun að gerð mælitækja til að afla gagna um stöðu læsis um land allt sem fékk yfirheitið Lesferill. Í skýrslu með niðurstöðum Lesferils árið 2018 segir:

Menntamálastofnun hefur lagt ríka áherslu á að kennarar fái aðgengileg og nothæf vinnugögn í kjölfar prófanna. Þegar prófum er lokið fá kennarar aðgang að niðurstöðum, bæði í töflu og súluriti. Þar sést staða og framfarir nemenda yfir skólaárið, ásamt upplýsingum um meðaltal lesinna orða í hverjum árgangi hjá öllum sem þreyttu prófið. Einnig er prentvænt einkunnarblað fyrir alla nemendur aðgengilegt sem kennarar geta nýtt sér til að upplýsa foreldra og forráðamenn um stöðu hvers og eins. Nemandinn sér sínar framfarir á mynd og í tölum sem hjálpar honum við að setja sér markmið. Orðafjöldi



nemanda er vísbending um hve sjálfvirkur lestur hans er og ætti að skoða hana í samhengi við viðmið Menntamálastofnunar og persónulega framvindu einstaklingsins. Skólastjórnendur fá yfirlit yfir niðurstöður allra bekkja skólans. Kennarar og skólastjórnendur geta þannig séð stöðu og framfarir nemenda þrisvar sinnum yfir skólaárið. Með því að byggja á ítarlegum upplýsingum um stöðu bekkja og hvers nemanda geta skólastjórnendur, kennarar og skólar mótað áherslur í lestrarkennslu og komið betur til móts við þarfir nemenda. (Menntamálastofnun, 2018, bls. 5).

Samkvæmt upplýsingum frá Menntamálastofnun er engin skylda fyrir skóla að leggja lesfímiprófin fyrir alla árganga þrisvar á ári. Hins vegar munu sum sveitarfélög hafa tekið ákvörðun um að það skuli gert.

Nemendur fá áskoranir miðað við færni

Þriðji liður tillögunnar felst í því að stjórnvöld tryggji að allir nemendur fá áskoranir miðað við færni. Lítið segir í greinargerð um þennan lið tillögunnar en þessi tillaga fellur ákaflega vel að núverandi menntastefnu þar sem kveðið er á um að komið skuli til móts við þarfir allra nemenda. Í grunnskólalögum segir: "... skal grunnskóli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins (2. gr.) Í 17. gr. grunnskólalaga kemur fram að:

Nemendur eiga rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar, án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis.

Nemendur sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar, sbr. 2. gr. laga um málefni [fatlaðs fólks], 1) nemendur með leshömlun, langveikir nemendur og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir.

Því má segja að löggjafinn hafi komið því rækilega á framfæri að hver nemandi eigi að fá áskoranir miðað við færni. Það er viðvarandi verkefni kennara og skólastjórnenda og fleiri mikilvægra fagstétta innan skóla- og frístundastarfs að leitast við að tryggja að hver nemandi fái nám og kennslu við hæfi. Til að mynda er færni sex ára nemenda í lestri ákaflega breytileg, sum byrja skólagöngu sína án þess að kunna að lesa, önnur byrja háflæs. Margir þættir hafa áhrif á stöðu barna og framvindu í lestrarnáminu en það er kennara í samvinnu við heimilin að stuðla að stígandi í námi og fylgjast með framförum hvers barns.

Eitt af meginhlutverkum menntakerfisins er að jafna stöðu barna og gefa öllum jöfn tækifæri til náms og virkrar þátttöku í samfélaginu. Það er því til mikils að vinna að hvert barn fái kennslu og áskoranir við hæfi, jafnt börn sem takast á við lestrarörðugleika sem og bráðger börn sem þurfa sífellt ný og hvetjandi námstækifæri. Lítið hefur verið rætt um þann hóp barna síðustu árin og hefur þeim börnum sem ná framúrskarandi námsárangri á PISA fækkað hlutfallslega mikið hér á landi. Tekið er undir mikilvægi þess að nemendur fái áskoranir miðað við færni en óljóst er hvernig fyrirnefnd tillaga sker sig frá núverandi menntastefnu.

Hvað segir núverandi aðalnámskrá grunnskóla um lestrarkennslu?

Það er mikilvægt markmið lestrarkennslu að leið nemandans liggi til sjálfstæðis þannig að smám saman fari hann að velja sér lesefni og geri sér grein fyrir gæðum þess og tengslum við nám, þörf og áhuga. Þá er mikilvægt að hann læri og geti beitt aðferðum við lestur og skilning sem hann velur í samræmi við tilgang lestrar. Góð lestarfærni er undirstaða ævináms og þess að geta aflað sér upplýsinga sem gera kleift að taka virkan þátt í lífi og menningu þjóðarinnar. Leita þarf allra leiða til þess að bæta stöðu þeirra nemenda sem af einhverjum ástæðum gengur illa að læra að lesa og grípa þarf inn í sem allra fyrst.

Hvað segir aðalnámskrá um íslenskukennslu?

Hlutverk íslenskukennslu, kennslu í íslensku táknumáli og máluppeldis er víðtækt og margbrotið. Mál og bókmenntir eru menningararfur þjóðarinnar sem ber að rækta, virða, njóta og þróa. Sá arfur á eflaust drjúgan þátt í stöðu læsis þjóðarinnar og hve sjálfsagt það þykir að læra að lesa, skrifa og beita máli svo skiljist. Kennslan hefur einnig það hlutverk að efla tjáningu og sköpun í töluðu máli og rituðu, nota málið og kynnast mætti þess. Gott og ríkulegt talmál er ein meginforsenda samskipta og miðlunar og svo á einnig við um ritmálið sem er miðill sköpunar og birtir nýja þekkingu.

Í aðalnámskrá eru hæfniviðmið fyrir íslensku skilgreind fyrir eftirfarandi námsþætti: a) Talað mál, hlustun og áhorf, b) Lestur og bókmenntir; c) Ritun og að lokum d) Málfræði. Sett eru nokkuð ítarleg hæfniviðmið fyrir hvern af þessum fjórum námsþáttum fyrir nemendur að loknum 4. bekk, 7. bekk og 10. bekk.

Er tímabært að endurskoða aðalnámskrá grunnskóla?

Núgildandi aðalnámskrá grunnskóla var birt árið 2011 og braut þá blað í sögunni þar sem þá var sett fram í fyrsta sinn heildstæð námskrá fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Síðan þá hafa einstaka kaflar aðalnámskrár verið endurskoðaðir. Margt hefur breyst á þeim 11 árum sem liðin eru frá útgáfu aðalnámskrár, framhaldsskólinn hefur verið stytur um eitt ár, hlutfall nemenda af erlendum uppruna

stóruaust, sett hafa verið ný lög um menntun kennara sem m.a. fólu í sér eitt leyfisbréf óháð skólastigi og að lokum má nefna stjórnvöld samþykktu nýja menntastefnu vorið 2021. Við má bæta að heimssamfélagið allt gekk í gegnum heimsfaraldur og stafræn þróun í námi og kennslu tók stökk. Því er óhætt að segja að tímabært sé að endurskoða aðalnámskrá í ljósi breytinga í samfélagi og nýrra áskorana. Hér er þó ekki mælt með því að löggjafinn beini þeim tilmælum til allra kennara að nýta eina lestrarkennsluaðferð umfram aðra. Miklu fremur skal beina þeim tilmælum til allra kennara að beita árangursríkum aðferðum við kennslu og aðferðum sem koma til móts við ólíkar þarfir nemenda. Styðjast þarf við þær fjölmörgu rannsóknir sem unnar hafa verið hérlandis og á alþjóða vettvangi til að halda áfram að efla margbreytilegt og öflugt skólastarf sem styður við tungumálaheim barna og læsi þeirra.

Valdeflum kennara

Tillagan í heild felur í sér vissa vantraustsyfirlýsingu á grunnskólakennara landsins og byggist á vanþekkingu á starfi kennara. Mun farsælli nálgun er að styðja kennara með því að stórefla rannsóknar- og þróunarstarf á sviði menntunar og veita kennurum aðgang að góðri starfsþróun sem styður við námssamfélög skóla um allt land. Kennarar eru virkir þátttakendur í menntarannsóknnum og þau eru fjölmörg þróunarverkefni í gangi í skólum landsins um þessar mundir. Verkefnið *Kveikjum neistann* er eitt af þeim ágætu verkefnum en það hefur vakið sérstaka athygli fyrir þær sakir að bæjarfélagið Vestmannaeyjar stendur að baki því í samvinnu Hermund Sigmundsson, prófessor, sem hrist hefur vel upp í menntaumbótunni á undanförunum árum. Reynslan sýnir að þegar skólastjórnendur, kennarar, foreldrar og aðrir hagaðilar í nærumhverfi taka höndum saman um að vinna að menntaumbótum þá gerast góðir hlutir.

Valdeflum nemendur

Um margskonar próf og matskvarða, sem nýttir eru til að leggja mat á hæfni og þekkingu nemenda innan skólakerfisins, gildir að slík verkfæri eru tvíbent sverð, mikilvæg til að leggja mat á hæfni og þekkingu nemenda en um leið geta slík verkfæri verið varasöm leið til að flokka og stimpla nemendur. Alþekkt er að fólk sem átt hefur við námsörðugleika að stríða hefur komið brotið út úr skólakerfinu og jafnvel dottið út á miðri leið. Sé verið að ofnota lesfimiþrófin eða beita þeim á óskynsamlegan máta eins og vísbendingar eru um í einhverjum tilfellum þá er brýnt að endurskoða það. Mikilvægt er að nýta lesfimiþróf fyrst og fremst til að meta framvindu hvers einstaklings, en forðast mikla áherslu á samanburð við aðra. Gagnasafn um stöðu skóla, landshluta og samanburður þar á milli gefur vísbendingar um stöðu mála sem er gagnlegt fyrir okkur sem menntasamfélag en hefur ekki mikið vægi fyrir hinn einstaka nemanda.



Samvinna um þróun laga og aðalnámskrár

Það mun ráða úrslitum að þegar ráðist verður í endurskoðun aðalnámskrár verði lögð áhersla á samráð við breiðan hóp hagaðila úr menntasamfélaginu. Höfundar þingsályktunartillögunnar leggja til að áhersla verði lögð á samráð við Rannsóknarsetur um menntun og hugarfar og samtök kennara. Við köllum eftir viðamiklu samstarfi við fræðasamfélag menntavísinda um breytingar á aðalnámskrá grunnskóla og bendum á að innan Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri starfa sérfræðingar á náms- og fagsviðum skólastarfs sem mikilvægt er að leita til, meðal annars sérfræðingar á sviði lesturs, læsis, náms, kennslufræða og þroska. Þá er einnig mikilvægt að leita samstarfs við ýmsar fleiri fagstéttir sem koma að námi og velferð barna hér á landi og samtök foreldra.

Við höfum nú rætt þessa þingsályktunartillögu lið fyrir lið og má ljóst vera að við ráðum alþingismönnum frá því að samþykkja hana. Breytingar á Aðalnámskrá grunnskóla þarf að vinna með öðrum hætti.

Virðingarfyllst,

Kolbrún Þ. Pálsdóttir

Forseti Menntavísindasviðs

Kristín Jónsdóttir

Forseti deildar kennslu og menntunarfræði



Í umsögn þessari er m.a. byggt á eftirtöldum heimildum:

Lög um grunnskóla

Aðalnámskrá grunnskóla

Guðbjörg Þórisdóttir. (2018). Hvað er hvað og hvað þarf til? Í Skólaþræðir. Sótt af <https://skolathraedir.is/2018/04/11/hvad-er-hvad-og-hvad-tharf-til/>

Menntamálastofnun. (e.d.). Ný lesfímiviðmið Menntamálastofnunar. Sótt af https://mms.is/sites/mms.is/files/lesfimividmid_fyrir_vef_mms.pdf

Freyja Birgisdóttir. (2016). Orðaforði og lestrarfærni: Tengsl við gengi nemenda í lesskilningshluta PISA. [Vocabulary and reading fluency: Associations to PISA reading literacy]. *Netla – An electronic Journal on Education and Development. A special issue on Literacy.*

Rannveig Oddsdóttir. (2018). Hversu hratt er nógu hratt? – Tengsl lestrarhraða, lesfimi og lesskilnings. Í Skólaþræðir.

Rannveig Oddsdóttir, Hrafnhildur Ragnarsdóttir og Freyja Birgisdóttir. (2013). Þróun textaritunar í fyrstu bekkjum grunnskóla. Frásagnir og upplýsingatextar barna í 2.–4. bekk. *Netla – Vefímarit um uppeldi og menntun Sérrið 2013 – Rannsóknir og skólastarf.* Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Sigríður Ólafsdóttir og Baldur Sigurðsson. (2017). Hnignandi frammistaða íslenskra nemenda í lesskilningshluta PISA frá 2000 til 2015: Leiðir til að snúa þróuninni við. *Netla – Vefímarit um uppeldi og menntun.* Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2017/ryn/16.pdf>

Sigríður Ólafsdóttir og Baldur Sigurðsson. (2019). Lesskilningur: Skýringar á lesskilningi íslenskra nemenda í PISA 2018. Í Arnór Guðmundsson og Guðmundur Bjarki Þorgrímsson (ritstj.), *Helstu niðurstöður PISA 2018.* https://mms.is/sites/mms.is/files/pisa_2019_0.pdf

Umsögn vegna þingsályktunartillögu á þingskjali 52 um breytingar á aðalnámskrá grunnskóla, þingskjal 796, 562. mál

153. Löggjafarþing

27. október 2022

Sendandi: Miðja máls og læsis, Skóla-og frístundasvið Reykjavíkur

Starfsmenn Miðju máls og læsis leggjast eindregið gegn samþykki tillögunnar um leið og tekið er efnislega undir umsagnir sem hingað til hafa borist frá fræðasamfélaginu, bæði úr Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri ásamt fleirum.

Fjöl margar rannsóknir eru til um aðferðir í lestrarkennslu, sem nauðsynlegt er að leggja til grundvallar ef endurskoða á Aðalnámskrá. Mikilvægt er að breiður hópur fagfólks komi að slíkri vinnu, bæði kennarar, stjórnendur og allir sem sinna menntun kennara á Íslandi.

Að lokum er bent á að nauðsyn þess að fá óháða rannsókn á þróunarverkefni eins og Kveikjum neistann áður en hægt er að fullyrða um árangur, gæði og hvaða einstöku þættir verkefnisins hafa forspárgildi um árangur í lestri.

Dröfn Rafnsdóttir

Helga Ágústsdóttir

Ragnheiður V. Sigtryggisdóttir

Sigrún J. Baldursdóttir

Þóra Sæunn Úlfsdóttir

30. október, 2022

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um breytingu á aðalnámskrá grunnskóla, 153. löggjafarþing, þingskjal nr. 52
nefndasvid@althingi.is

Sendandi: Rannsóknastofa um þroska, læsi og líðan barna og ungmenna við Háskóla Íslands

Rannsóknastofa um þroska, læsi og líðan barna og ungmenna samanstendur af fræðimönnum á Menntavísindasviði, á Námsbraut í talmeinafræði og Sálfræðideild Háskóla Íslands. Fræðasvið spanna rannsóknir á breiðu sviði þroska og menntunar, þ.m.t. málþroska, læsi, fjöltyngi, félags- og tilfinningaþroska, hegðunar- og námserfiðleika, skólasálfræði og próffræði.

Rannsóknastofan leggst eindregið gegn samþykkt þingsályktunartillögu um breytingu á aðalnámskrá grunnskóla, þingskjal nr. 52 af eftirtöldum ástæðum:

1. Ekki hefur verið sýnt fram á árangur verkefnisins *Kveikjum neistann með raunprófuðum aðferðum og því ómögulegt að segja til um hver árangur þess er.*

Til þess að geta sagt til um árangur kennsluáðferðar er nauðsynlegt að fylgja ákveðnum grunnviðmiðum um vísindaleg vinnubrögð. Fyrsta og mikilvægasta viðmiðið er að bera framfarir þátttakenda saman við framfarir annars hóps barna sem ekki er kennt eftir nýju aðferðinni. Án slíks samanburðar er ómögulegt að segja til um hvort framfarir séu tilkomnar vegna nýju aðferðarinnar, eða einhvers annars. Til dæmis gætu þær hafa átt sér stað hvort sem er. Þessu viðmiði er ekki fylgt við mat á árangri þróunarverkefnisins *Kveikjum neistann* og því er ekki hægt að fullyrða um árangur þess, líkt og gert er í greinargerð með þingsályktunartillögunni. Fullyrðingar aðstandenda um góðan árangur verkefnisins *Kveikjum neistann* byggja auk þess á aðeins einu stöðumati sem metur mjög afmarkað svið lestrarþróunar. Ekki eru til nein samanburðarhæf gögn um frammistöðu íslenskra nemenda á þessu prófi og því eru viðmið um góðan eða slakan árangur úr lausu lofti gripin. Einnig má benda á að rannsóknaráætlun fyrir verkefnið *Kveikjum neistann* hefur ekki farið í gegnum umsóknarferli fyrir styrkveitingu úr samkeppnissjóðum. Því hefur verkefnið ekki verið metið á fræðilegum forsendum í samræmi við kröfur sem gerðar eru til menntarannsókna. Að auki hefur hugmyndafræði og aðferð verkefnisins hvergi verið gefin út og því mjög óljóst hvað nákvæmlega í verkefninu felst. Því má vera ljóst að sú tillaga að „fela mennta- og barnamálaráðherra að innleiða hugmyndafræði verkefnisins *Kveikjum neistann*“ í alla skóla á landinu er vægast sagt óábyrg.

2. Að hætta notkun lesfimiþróa eins og lagt er til í lið b) er í andstöðu við niðurstöður fjölda rannsókna sem sýnt hafa fram á mikilvægi lesfimi fyrir lesskilning.

Fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögu: „Ein helsta breytingin í stjórnkerfinu er sú að Menntamálastofnun mælir nú lestrarhraða allra grunnskólabarna. Mælingarnar hófust haustið 2017. Þetta fyrirkomulag árangursmælinga hefur sætt gagnrýni fyrir það að mæla ekki lesskilning.“

Í fyrsta lagi má benda á að prófin sem um ræðir eru lesfimiþróf, ekki leshraðapróf. Lesfimi vísar til þess hversu sjálfvirkur lesturinn er; að lesandinn geti lesið texta rétt og fyrirhafnarlaust, án þess að þurfa að einbeita sér mikið að umskráningu bókstafa í hljóð. Að ná sjálfvirkni í lestri er mikilvægt því við það myndast svigrúm til þess að beina athyglinni að innihaldi textans og öllum þeim flóknu orðum og upplýsingum sem gjarnan einkenna námsefnið, ekki síst þegar líða tekur á skólagönguna.

Fjöldi rannsókna hefur leitt í ljós mikilvægi góðrar lesfimi fyrir lesskilning. Til að mynda sýndi rannsókn á meðal íslenskra nemenda að lesfimi, ásamt orðaforða, veitti sterka forspá um hvort 15 ára nemendur lentu yfir eða undir tveimur lágstu hæfniprepunum í lesskilningi á PISA-prófi.

Forspárgildið kom fram jafnvel eftir að tekið hafði verið tillit til þekktra áhrifabreyta eins og ánægju af lestri, lestrartíðni og námsaðferða í lesskilningi (Freyja Birgisdóttir, 2016). Einnig sýnir nýleg rannsókn að gengi nemenda í 5. og 8. bekk á lesfimiþrófum Menntamálastofnunar spáir fyrir um með mikilli vissu hvort börn muni eiga erfitt með lesskilning síðar (Auðun Valborgarson og Freyja Birgisdóttir, 2022). Lesfimiþróf eru því öflug tæki til þess að skima fyrir síðari áhættu á slöku gengi í lesskilningi. Einnig má benda á að slök lesfimi, sem lýsir sér í ónákvæmum, hægum/hikandi lestri, er eitt skýrarasta einkenni lesblindu. Lesfimiþróf eru því nauðsynleg til þess að koma auga á börn með lesblindu sem fyrst, og fylgjast svo með framvindu þeirra svo hægt sé að veita þeim viðeigandi stuðning.

Að lokum má benda á að lesskilningur íslenskra nemenda hefur verið metinn í samræmdum prófum í 4., 7. og 9/10 bekk um árabil. Þau próf eru nú í endurskoðun, en engin áform hafa komið fram um að hætta mælingum á lesskilningi. Menntamálastofnun hefur auk þess boðið upp á lesskilningsprófið *Orðarún* í mörg ár sem hluta *Lesferils* og er það notað í flestum grunnskólum landsins.

3. Að hætta notkun lesfimiþrófa, eins og lagt er til í lið b), samræmist ekki Einfeldal lestrarlíkaninu sem þó er lagt til grundvallar í verkefninu Kveikjum neistann.

Þó lesfimi sé mikilvæg forsenda lesskilnings er hún ekki nægjanleg forsenda. Með aukinni lestrarreynslu verður umskráning sjálfvirkari og hættir að hamla lesskilningi. Við það fer önnur og breiðari færni að hafa meiri áhrif á lesskilning, eins og til dæmis orðaforði, ályktunarhæfni, og skilvirkar lesskilningsaðferðir. Þetta samband aukinnar sjálfvirkni í umskráningu og þróun lesskilnings kemur skýrt fram í Einfeldal lestrarlíkaninu (Hoover og Gough, 1990) og hefur verið staðfest í fjölda rannsókna (sjá yfirlit í Bergen og fl., 2021; og Florit & Cain, 2011). Mat á lestrarþróun ætti því alltaf að miðast við allar þessar ólíku hliðar læsis. **Ein tegund mats á lestri má ekki útiloka aðra.** Próf sem mæla tæknilega lestrarfærni, þ.e. lesfimi, ætti að nýta til að finna börn sem eru undir lágmarksviðmiðum í lesfimi og falla á lágsta hæfniprepið. Varhugavert er að líta til efsta hæfniprepsins sem eftirsóknarverðs markmiðs ef það felur í sér óraunhæfar kröfur um lestrarhraða. Próf í lesskilningi geta aldrei komið í stað lesfimiþrófa því þau mæla ekki það sama. Lesskilningsprófum er ætlað að mæla hversu vel nemendur skilja lesinn texta og hvort þau geta nýtt sér hann til þekkingaröflunar (Sigríður Ólafsdóttir og Baldur Sigurðsson, 2017; 2019). Saman gefur staða nemenda á lesfimi- og lesskilningsprófum okkur til kynna nákvæmlega hvernig best er að gefa börnum markvissan stuðning til að þau öðlist í sívaxandi mæli hæfni til að ástunda lestur, skilja, nota, meta og ígrunda það sem þau lesa. Lesfimiþrófin mæla tæknilegu færni en lesskilningsprófin fanga aðra þætti með stigvaxandi hætti.

4. Tekið er undir mikilvægi bókstafa-hljóðaaðferðar við lestrarkennslu á yngstu stigum grunnskólans, sbr lið a). Aðferðir til þess að efla lesskilning og ritunarfærni með markvissum hætti virðast aftur á móti ekki útfærðar í verkefninu.

Tekið er undir mikilvægi þess að styðjast við nákvæma hljóðaaðferð við lestrarkennslu í yngstu bekkjum grunnskólans, þar sem megináhersla er lögð á kennslu bókstafa og hljóða og þjálfun umskráningar. Jafnhliða er nauðsynlegt að gefa nemendum fjölbreytileg verkefni sem efla orðaforða, tjáningar- og ritunarfærni, ásamt þjálfun í að ná skilningi á ýmsum tegundum texta og beita til þess margs konar lesskilningsaðferðum. Engar upplýsingar hafa komið fram um hvernig kennsla sem lýtur

að þeim þáttum læsis verða útfærðar í verkefninu. Áherslan virðist því mjög þröng eins og henni hefur verið lýst og ólíkleg til þess að bæta frammistöðu nemenda í PISA ein og sér.

5. Í þingsályktunartillögu stendur: „Markmið verkefnisins er að 80–90% barna séu fulllæs eftir 2. bekk.“ Mjög óljóst er hvað felst í hugtakinu „fulllæs“.

Læsisfærni, sem felur í sér lesskilning og ritunarfærni, þróast samhliða framvindu í námi út skólagönguna og síðan með fjölbreyttum viðfangsefnum og símenntun út ævina. „Fulllæsi“ er því varla raunhæft markmið fyrir börn í 2. bekk.

Fyrir hönd Rannsóknastofu um þroska, læsi og líðan barna og ungmenna við Háskóla Íslands.

Freyja Birgisdóttir, dósent við Sálfræðideild
Sigríður Ólafsdóttir, dósent við Menntavísindasvið
Steinunn Torfadóttir, lektor við Menntavísindasvið
Auður Björgvinsdóttir, læsisfræðingur og doktorsnemi við Menntavísindasvið
Anna-Lind Pétursdóttir, prófessor við Menntavísindasvið
Jóhanna Thelma Einarsdóttir, prófessor við Læknadeild og Menntavísindasvið
Helga Sigurmundsdóttir, aðjunkt við Menntavísindasvið
Kristján Ketill Stefánsson, lektor við Menntavísindasvið
Guðrún Björg Ragnarsdóttir, doktorsnemi við Menntavísindasvið

Heimildir

- Auðun Valborgarson og Freyja Birgisdóttir (2022). *Hvernig breytast tengsl lesfimi og lesskilnings yfir skólagöngu nemenda?* Erindi flutt á Menntakvikun, október 2022.
- Bergen, E. van, Vasalampi, K., og Torppa, M. (2021). How Are Practice and Performance Related? Development of Reading From Age 5 to 15. *Reading Research Quarterly*, 56(3), 415–434. <https://doi.org/10.1002/rrq.309>
- Freyja Birgisdóttir (2016). Orðaforði og lestrarfærni: Tengsl við gengi nemenda í lesskilningshluta PISA. *Netla – Vefrit um uppleði og menntun*.
- Florit, E., & Cain, K. (2011). The Simple View of Reading: Is It Valid for Different Types of Alphabetic Orthographies? *Educational Psychology Review*, 23(4), 553–576. <https://doi.org/10.1007/s10648-011-9175-6>
- Hoover, W. A., & Gough, P. B. (1990). The simple view of reading. *Reading and Writing*, 2(2), 127–160. <https://doi.org/10.1007/BF00401799>
- Sigríður Ólafsdóttir og Baldur Sigurðsson. (2017). Hnignandi frammistaða íslenskra nemenda í lesskilningshluta PISA frá 2000 til 2015: Leiðir til að snúa þróuninni við. *Netla – Vefrit um uppleði og menntun*. <http://netla.hi.is/greinar/2017/ryn/16.pdf>
- Sigríður Ólafsdóttir og Baldur Sigurðsson. (2019). Lesskilningur: Skýringar á lesskilningi íslenskra nemenda í PISA 2018. Í Arnór Guðmundsson og Guðmundur Bjarki Þorgrímsson (ritstjórar), *PISA 2018: Helstu niðurstöður á Íslandi* (bls. 38–61). https://mms.is/sites/mms.is/files/pisa_2019_0.pdf

Umsögn um þingsályktunartillögu á þingskjali nr. 52 um breytingar á aðalnámskrá grunnskóla.

Umsagnaraðili: Rósa Eggertsdóttir, BA í sérkennslufræðum, MEd í kennslufræði með áherslu á fagþróun kennara; fyrrum kennari og sérfræðingur við Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri.¹

Dagsetning umsagnar: 31. október 2022.

Þingmál: Þingsályktunartillaga, þingskjal 52 á 153. löggjafarþingi 2022-2023. *Um breytingar á aðalnámskrá grunnskóla.* Tillagan er endurflutt óbreytt frá fyrra ári og var þá skráð sem þingskjal 796 — 562. mál.

Flutningsmenn: Eyjólfur Ármannsson, Ásthildur Lóa Þórsdóttir, Guðmundur Ingi Kristinsson, Helga Þórðardóttir, Jakob Frímagn Magnússon, Tómas A. Tómasson. Eyjólfur Ármannsson talar fyrir tillögunni. Hún er svohljóðandi:

Alþingi ályktar að fela mennta- og barnamálaráðherra að innleiða hugmyndafræði verkefnisins Kveikjum neistann og gera eftirtaldar breytingar á aðalnámskrá grunnskóla:

- Að leggja áherslu á bókstafa–hljóðaaðferð við lestrarkennslu.
- Að innleiða í stað leshraðamælinga stöðumatspróf með bókstafa–hljóðaaðferð, lesskilningspróf og mat á skriflegum texta.
- Að leggja áherslu á að hver nemandi fái áskoranir miðað við færni.

Við innleiðingu framangreindra breytinga verði haft samráð við Rannsóknarsetur um menntun og hugarfarar og samtök kennara.

Álit samandregið:

- Niðurstaða mín er að umrædd þingsályktunartillaga standi á slíkum brauðfótum að henni beri að hafna.
- Tillagan og greinargerð með henni einkennast af vanþekkingu á læsisfræðum og læsiskennslu, slökum rökstuðningi, rangfærslum og mótsögnum.

Hér á eftir nefni ég nokkrar ástæður fyrir þessu álit:

- Með tillögu sinni vilja flutningsmenn binda hljóðaaðferðina, sem þeir kalla bókastafa- og hljóðaaðferð, í aðalnámskrá. Með því lýsa þeir vantrausti á störf kennara og annars fagfólks skólanna. Forræðishyggja stjórnáamanna er óviðeigandi þegar þeir telja sig vita betur en fagfólk í menntamálum.
- Tillagan gerir ráð fyrir að mennta- og barnamálaráðherra standi fyrir innleiðingu verkefnisins Kveikjum neistann, breyti aðalnámskrá þar um og feli svo Rannsóknarsetri um menntun og hugarfarar að standa fyrir innleiðingu í skóla, stunda þróunarstarf og að því virðist eiga sjálft að meta árangurinn af eigin starfi (sbr. vef Rannsóknarseturs um menntun og hugarfarar (RMH)². Það er andstætt því verklagi sem haft er við þegar rannaskendur sækja um styrki frá opinberum aðilum (t.d. Rannís). Það væri með ólíkindum ef ein rannsóknarstofnun, sem að hluta til er kostuð af hagsmunasamtökum, fengi á slíkum grunni einkaleyfi á verkefni sem allir skólar þyrftu að taka þátt í. Athyglisvert er að ekki skuli fylgja þessu verkefni aðgengileg þróunaráætlun, framkvæmdáætlun eða fjárhagsáætlun.

¹ Sendandi hefur leitt þróunarstarf um læsi í fjölda skóla, samið ein eða með öðrum efni um læsi fyrir nemendur og kennara, t.d. *Fluglæsi*, *Lexía* fræðibók um leshömlun, *Hjóðskraf*, *Byjendalæsi*, *Orðarún* staðlað lesskilningspróf fyrir 3.–8. bekk, *Lesmál* fyrir 2. bekk og *Híð ijúfa læsi* (2019).

² Rannsóknarsetur um menntun og hugarfarar. Slóð: <http://rmh.is>

- Í greinargerð er hljóðaaðferðin / bókastafa- og hljóðaaðferð sögð vera ný nálgun í lestrar-kennslu. Það er beinlínis rangt. Hljóðaaðferðin er einmitt sú aðferð sem þorri núlifandi Íslendinga hefur lært að lesa eftir. Það eru 114 ár frá fyrstu íslensku skrifum um þessa aðferð, þ.e. árið 1908³. Frá og með fjórða áratug síðustu aldar og næstu þrjátíu árin þar á eftir kenndi Ísak Jónsson öllum kennaranemum hljóðaaðferðina. Allar götur síðan hafa kennaranemar fengið kennslu í aðferðinni. Því skal haldið til haga að formleg kennsla stafs og hljóðs, þ.e. umskráning, er ekki bundin við hljóðaaðferðina heldur allar aðferðir sem teljast til eindaraðferða og samvirkra aðferða.
- Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er rætt um góðan árangur verkefnisins Kveikjum neistann. Fyrstu tölur sýna ... að 93,6% barna í 1. bekk gátu „brotið lestrarkóðann“ strax í janúar og 78% gátu lesið setningar með stórum stöfum. Þar segir að markmið KN sé að 80–90% barna séu fulllæs eftir 2. bekk.

Umskráningarfærni er nauðsynleg hverjum lesara. Umskráningin sjálf er þó einungis anddyri læsis. Hugtakið „fulllæs“ vekur undrun. Mér er til efs að læsisfræðingar, kennarar og annað fagfólk á þessu sviði geti tekið undir að liðleg og örugg umskráning sé samheiti við hugtakið „fulllæs“.

Vitað er að mörg börn búa yfir stafabekkingu fyrir skólabyrjun og sum lesa. Hafi kennarinn haldið sig við þröngan veg hljóðaaðferðarinnar hafa börnin eingöngu lesið orð samsett úr stöfum sem formlega höfðu verið kenndir. Það er því ekki hægt að fullyrða um framangreindan árangur nema sýna fram á hverjar framfarir barnanna voru frá fyrsta degi í skóla og fram í janúar.

Þessi tillaga var fyrst lögð fram s.l. vor áður en skóla lauk og er hér flutt óbreytt. Það hefði verið ómaksins vert að uppfæra tölur um árangur við lok 1. bekkjar.

Það vekur undrun að flutningsmenn skuli hafa svo mikla trú á að KN verkefnið geti breytt og bætt árangur nemenda læsi eftir fjögurra mánaða starf í 1. bekk.

- Flutningsmenn tillögunnar telja að ríkjandi lestrarkennsluaðferðir í grunnskólum skili ekki nógu góðum árangri og þörf sé á aðgerðum til að bæta hann. Það vill svo til að ríkjandi lestrarkennsluaðferð í grunnskólum (sem ekki skilar nógu góðum árangri skv. FF) er einmitt hljóðaaðferðin, sbr. úttekt Félagsvísindastofnunar HÍ, 2009.⁴ Langflestir núlifandi Íslendingar hafa lært að lesa með hljóðaaðferðinni.
- Fyrsta flutningsmanni er tíðrætt um slakan árangur íslenskra ungmenna á PISA prófum og telur að vandinn verði leystur með hljóðaaðferðinni. Ég veit ekki til þess að rannsóknir hafi verið gerðar á hugsanlegum tengslum árangurs í lestri í 1. og 2. bekk og gengi unglinga á PISA prófum eða við lok 10. bekkjar.
- Fyrsti flutningsmaður telur að Íslendingar þurfi ekki að finna upp hjólið og þróa sínar eigin aðferðir. Nær væri að læra af fremstu vísindamönnum á þessu sviði úti í heimi. Samt sem áður á KN að vera þróunarverkefni en þess ekki getið hvað eigi að þróa. Er ekki einhver mótsögn í þessu?
- Í greinargerð og í framsögu er ítrekað lögð áhersla á ...“að skipuleggja lestrarkennslu til samræmis við nýjustu þekkingu og vísindi“. Engar tilvísanir eru þó í þessa nýjustu þekkingu og engin lykilhugtök sem varða hana eru skilgreind.

³ Jón Þorkelsson. (1908). Hópkennsla. Skólablaðið 2(18), 69-70. Slóð: <https://tangis.is/page/2339000?iabr=on#page/n0/mode/1up>

⁴ Auður Leiknisdóttir, Hrefna Guðmundsdóttir, Ágústa Edda Björnsdóttir, Heiður Brund Jónsdóttir og Friðrik H. Jónsson. (2009). *Staða lestrarkennslu íslenskum grunnskólum*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun HÍ.

Ennfremur segir í framsögu ... „þetta er nákvæmlega það sama sem aðrar þjóðir hafa gert, þ.e. að nota bókstafa- og hljóðaaðferðina ... Bretar innleiddu þetta [bókstafa- og hljóðaaðferðina] eftir að rannsóknir sýndu í ákveðinni skýrslu ...“.

Hér er farið langt með því Bretar eiga ekki sameiginlega námskrá. Englendingar, Skotar⁵ og Wales-búar⁶ semja hver sína námskrá. Við snögga skoðun á skosku og velsku námskránum um læsi verður ekki séð að hendur kennara séu bundnar varðandi val á kennsluaðferðum. Hitt er rétt að Englendingar hafa bundið hljóðaaðferðina í námskrá. Árangur þess hefur þó verið dreginn í efa því nú liggja fyrir niðurstöður nýrrar umfangsmikillar rannsóknar á mismunandi aðferðum við læsiskennslu sem gerð var í Englandi (Wyse og Bradbury, 2022)⁷. Þær styðja alls ekki þessar fullyrðingar flutningsmanna. Megin niðurstöður rannsóknarinnar benda þvert á móti til þess að:

- samvirkar kennsluaðferðir í lestri skili mestum árangri. Þá fer kennsla á sambandi stafs og hljóðs og annarra mikilvægra þátta fram í tengslum við merkingarbæra texta (e. whole texts).
- ólíklegt sé að sami árangur náist þegar umskráning er kennd aðgreind frá merkingarbærum texta.

Flutningsmenn fullyrða einnig að önnur lönd hafi sett ákvæði í sínar námskrár um notkun hljóðaaðferðar í lestrarkennslu. Í rannsókn Wyse og Bradbury segir aftur á móti að „önnur lönd“ noti samvirkar aðferðir eða heildaraðferðir. Það verður ekki annað séð en að fullyrðingar flutningsmanna um aðferðir sem þjóðir í kringum okkur nota við læsiskennslu standist ekki skoðun.

Virðingarfyllt,

Rósa Eggertsdóttir

Fyrstum kennari og sérfræðingur við Háskólann á Akureyri.

⁵ Curriculum for excellence: Literacy and English. Principle and practice. Slóð: <https://education.gov.scot/Documents/literacy-english-pp.pdf>

⁶ Draft Curriculum for Wales 2022: Humanities Languages, Literacy and Communication. Slóð: <https://hwb.gov.wales/storage/4373f5ea-f77e-4b10-a20f-4b06eb02f6a0/draft-statutory-guidance-languages-literacy-and-communication.pdf>

⁷ Wyse, D. og Bradbury, A. (2022). Reading wars or reading reconciliation? A critical examination of robust research evidence, curriculum policy and teachers' practices for teaching phonics and reading. British Educational Research Association. <https://doi.org/10.1002/rev3.3314>

Sjá einnig umfjöllun um rannsóknina í Guardian 19. janúar 2022. Slóð: <https://www.theguardian.com/education/2022/jan/19/focus-on-phonics-to-teach-reading-is-failing-children-says-landmark-study?fbclid=IwAR30JgUGS590WYyWlXJFU1ky7LCfGwk168o7i3-28V0B3cY0BHYYvtBNvU>

Umsögn um þingsályktunartillögu á þingskjali númer 52 um breytingar á aðalnámskrá grunnskóla

Sendandi: Skólamálanefnd Skólastjórafélags Íslands

Tillaga til þingsályktunar um breytingu á aðalnámskrá í grunnskóla

Í þessu skjali má sjá umsögn skólamálanefndar Skólastjórafélags Íslands vegna þingsályktunartillögu um breytingu á aðalnámskrá grunnskóla.

Liður A: Að leggja áherslu á bóksafa- hljóðaaðferð við lestrarkennslu.

Við höfnum þessari tillögu.

Hljóðaaðferð hefur verið ríkjandi kennsluaðferð í lestri á Íslandi mjög lengi og nær allir skólar á Íslandi eru að nota hana að einhverju marki. Hljóðaaðferð felur það í sér að farið er frá eind til heildar, þ.e. börnin byrja á að læra einstaka bókstafi og hljóð sem þau síðan tengja saman í orð og setningar. Margir skólar á Íslandi hafa á undanförunum árum innleitt samvirka aðferð í lestrarkennslu þar sem er lögð áhersla á nálgast lestrarkennslu ekki aðeins út frá tæknilegum þáttum heldur einnig merkingu og miðlun.

Liður B: Að innleiða í stað leshraðamælinga stöðumatspróf með bókstafa-hljóðaaðferð, lesskilningspróf og mat á skriflegum texta.

Við höfnum þessari tillögu.

Kennarar þurfa að fylgjast með framförum barna í lestri og lesskilningi með ýmsum leiðum. Leshraðapróf MMS hafa þjónað þeim tilgangi að mæla leshraða og framvindu hvers barns. Próf MMS er staðlað þannig að sett hafa verið fram viðmið um hlutfallslegan fjölda barna sem skv. stöðlun ættu að ná mismunandi þrepum, en það er ekki ætlast til að allir nái þriðja þrepi. Rannveig Oddsdóttir lektor við HA og Freyja Birgisdóttir dósent við Sálfræðideild HÍ hafa bent á að ekki sé raunhæft að skipta þeim prófum sem nú eru notuð út fyrir „stöðumatspróf með bókstafa-hljóðaaðferð“, enda er það próf ekki staðlað og metur einungis þekkingu barna á stöfum og hljóðum og hvort þau eru farin að geta tengt saman stafi/hljóð í lestri á einföldum texta. Lesfimi er ekki fullþróuð þegar þeirri færni er náð og því mikilvægt að geta fylgst með framvindunni áfram. Lesfimipróf og önnur matstæki nýtast þar. Verið er að mæla framfarir barna í lesskilning og ritun í skólum landsins þótt niðurstöður þeirra mælinga séu ekki sendar til mms í miðlægan grunn. Til hefur staðið hjá mms að þróa stöðluð matstæki til að meta lesskilning og ritun, en vinnan við prófagerðina hefur tafist. Við hvetjum ráðamenn til að veita því verkefni brautargengi.

Liður C: Að leggja áherslu á að hver nemandi fái áskoranir miðað við færni.

Við höfnum þessari tillögu.

Það að hver nemandi fái áskoranir miðað við færni er bundið í lög nú þegar. Það kemur fram í [Aðalnámskrá \(kafla 7.1.\)](#) að nám skuli vera við hæfi hvers og eins nemanda og að það skuli fara fram í hvetjandi námsumhverfi þar sem hann finnur til öryggis og fái notið hæfileika sinna. Starfsfólk skóla leggur sig fram um þennan þátt og ekki síður þegar kemur að lestrarnámi en öðru námi. Það að lögfasta eina kennsluaðferð í lestri dregur úr líkum þess að

nemendur fái nám og áskoranir við hæfi. Það að nota fjölbreyttar leiðir til að styðja nemendur við nám sitt, víkka sjóndeildarhringinn, leyfa þeim að leika sér með hugtök og orð, segja þeim sögur og leyfa þeim að rannsaka gefur börnum kost á að fá áskoranir miðað við færni.

Niðurstaða:

Að framansögðu hafnar skólamálanefnd Skólastjórafélags Íslands því alfarið að hugmyndafræði verkefnisins Kveikjum neistann verði innleidd í aðalnámskrá grunnskóla. Nauðsynlegt er að veita skólum og fagfólki frelsi til að ákvarða út frá stöðu nemenda þær fjölbreyttu leiðir sem mæta þörfum barna og veita þeim áskoranir við hæfi. Að sama skapi er nauðsynlegt að veita starfsþróun kennara og skólastjórna góðan stuðning.

Kveikjum neistann er verkefni sem hefur verið í þróun í skamman tíma og samanburður ekki raunhæfur. Aðeins er búið að innleiða verkefnið í einum árgangi í einum skóla. Nemendahópurinn er lítill og matstækin óskýr. Ekki hefur verið sýnt fram á árangurinn með samanburðarrannsókn. Verulegt fjármagn hefur verið sett í þetta verkefni og að sögn forsvarsmanna á enn eftir að ljúka við fjármögnun á áframhaldandi þróun í Vestmannaeyjum. Við hvetjum Vestmannaeyinga til að halda áfram á sinni vegferð og skoða árangurinn með samanburðarrannsóknum. Vafalaust getur margt lærst af verkefninu, en að færa það inn í aðalnámskrá grunnskóla á þessum tímamarki er fullkomlega óraunhæft.

Að lokum viljum við hvetja kjörna fulltrúa til að kynna sér þessi fræði vel áður en lengra er haldið. M.a. er vert að horfa til fleiri sjónarmiða en þeirra sem standa að baki Kveikjum neistann. Við hvetjum hlutaðeigandi m.a. til að lesa greinina [Kveikjum neistann í alla skóla?](#) eftir Rannveigu Oddsdóttur, lektor á hug- og félagsvísindasviði Háskólans á Akureyri en í lokaorðum hennar segir:

Umrædd tillaga ber vott um mikla vanþekkingu á skólastarfi og læsismenntun og hvaða leiðir eru árangursríkar til að styðja við og efla skólastarf. Í stað þess að grípa á lofti hálfþróaðar aðferðir ættu ráðamenn að horfa til þess að styðja við þá faglegu umgjörð sem skólastarf þrífst innan, svo sem með því að efla rannsóknir og styrkja þær stofnanir sem styðja við faglegt skólastarf.

Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8
150 Reykjavík

01.11.2022

Umsögn ÖBÍ um tillögu til þingsályktunar vegna breytinga á aðalnámskrá í grunnskóla.

Með þessari þingsályktun er lagt til að breyting verði gerð á aðalnámskrá grunnskóla þar sem ríkjandi lestrarkennsluaðferðir í grunnskólum hafa ekki skilað nægilega góðum árangri. Markmið nýrrar aðferðar er að bæta lesskilning íslenskra barna og draga þar með úr þeirri áherslu sem lögð hefur verið á lestrarhraða sem skapað hefur óþarfa streitu og kvíða meðal grunnskólabarna. Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem Ísland er aðili að er bann sett við mismunun á grundvelli fötlunar. Í samningnum kemur meðal annars fram að þjónusta við fatlað fólk skuli vera einstaklingsmiðuð, fjölbreytt og að fatlaðir einstaklingar skuli hafa stjórn á eigin lífi. Samkvæmt þingsályktunartillögunni á að innleiða hugmyndafræði sem m.a. leggur áherslu á einstaklingsmiðaðar áskoranir miðað við færni hvers og eins barns. **ÖBÍ fagnar því að tekið er skref í átt að kennsluháttum sem kenndir eru við einstaklingsmiðað nám. Með einstaklingsmiðuðu námi viðurkennum við að nemendur eru eins mismunandi og þeir eru margir.**

Af gefnu tilefni er ítrekað að stjórnvöldum er skylt að hafa virkt samráð við heildarsamtök fatlaðs fólks um ákvarðanir sem varða hagsmuni þess, samkvæmt ákvæðum Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SSRF), enda segir í 3. mgr. 4. gr., „*aðildarríkin skulu, þegar þau undirbúa og beita löggjöf sinni og stefnu samningi þessum til framkvæmda og vinna að ákvarðanatöku um málefni fatlaðs fólks, hafa náið samráð og tryggja virka þátttöku fatlaðs fólks, þ.m.t. fötluð börn, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd*“.

Ekkert um okkur án okkar!

Með vinsemd og virðingu,

Þuríður Harpa Sigurðardóttir
formaður ÖBÍ

Andrea Valgeirsdóttir
lögfræðingur